

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir 2024

Framkvæmdar af bændum

Árni B. Bragason og Eypór Einarsson

Almennt um afkvæmarannsóknirnar

Hér er að finna yfirlit yfir niðurstöður afkvæmarannsókna sem bændur framkvæmdu sjálfir á síðasta hausti. Megin tilgangur þessa verkefnis er að fá sem bestan samanburð á það hvað hrútarnir eru að gefa og hefur verið lögð áhersla á það að bændur afkvæmaprófi lambhrúta sína á skipulagðan hátt þannig að sem bestur dómur fái á þá veturgamla hvort þeir standi undir væntingum eður ei. Hér er fyrst og fremst um samanburð innan búas að ræða en einkunnir eru ekki samanburðarhæfar milli búas.

Afkvæmarannsóknir voru styrktar af þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar. Til að afkvæmarannsókn sé styrkhæf þar hún að uppfylla eftirfarandi körfur:

Í samanburðinum þurfa að vera að lágmarki 5 hrútar og þar af 4 veturgamlir (hrútar fæddir 2023). Hver hrútur þarf að eiga 8 afkvæmi af sama kyni sem eru ómmæld og stiguð og 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar.

Hrútar sem eingöngu eru notaðir á veturgamlar ær (gemlinga) eru ekki marktækir í slíkan samanburð nema að allir hrútarnir í samanburðinum séu notaðir á veturgamlar ær.

Borgarfjörður

Arnpórsholt, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmát einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ljómi	23-128	Rjómi	21-568	100	103	135	112	18,3	9,6	7,2	32,6	3,1	17,9	147
Glúmur	23-122	Grettir	20-877	96	111	120	109	18,0	10,1	7,3	31,3	2,4	17,3	148
Kalli	23-125	Alli	19-885	109	112	98	106	19,3	9,4	6,6	29,3	2,4	17,4	146
Arnar	22-125	Klettur	16-851	110	108	86	101	19,3	9,4	6,9	29,6	3,0	17,8	152
Skjöni	23-121	Grettir	20-877	91	107	101	100	17,7	9,5	6,9	30,7	2,9	17,2	149
Blakkur	23-126	Svartur	17-873	104	86	102	98	18,8	8,3	6,6	30,9	2,8	17,4	150
Tópas	23-123	Gimsteinn	21-899	93	75	70	79	17,8	8,9	7,5	28,5	3,0	17,2	149
Meðaltal:								18,4	9,3	7,0	30,2	2,8	17,5	149

Ljómi 23-128 stendur hér efstur í heildareinkunn og sækir hann yfirburði sína nær eingöngu í mat á lifandi lömbum. Gimbrar undan honum mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Ljómi er aðkeyptur frá Hellum í Bæjarsveit og kemur þar úr öflugri ræktun á hyrndu fé sem teygir anga sína einnig að Oddsstöðum, Hesti og Giljahlíð. Spakur 14-801 frá Oddsstöðum stendur að baki honum í báðum ættum. Næstur kemur Glúmur 23-122 undan Gretti 20-877 en hann á best gerða sláturlambahópinn og gimbrar undan honum mælast með næstþykkastan bakvöðva í þessum samanburði. Móðurfaðir Glúms er Sammi 16-841 frá Þóroddstöðum.

Oddsstaðir, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hjari	23-150	Jaður	20-891	100	89	132	107	18,4	12,7	7,4	33,5	2,9	18,3	145
Listi	23-148	Haki	21-151	99	95	123	106	18,3	12,4	6,8	32,5	2,5	18,2	151
Hjalli	23-145	Alli	19-885	99	125	84	102	18,3	12,9	6,1	30,4	2,9	17,9	143
Vinkill	23-146	Haki	21-151	108	97	86	97	19,1	12,6	6,9	31,2	3,1	17,9	146
Bjálki	23-147	Haki	21-151	96	96	69	87	18,1	11,9	6,3	30,3	3,0	17,8	140
Meðaltal:								18,4	12,4	6,6	31,7	2,9	18,0	144

Hér stendur efstur Hjari 23-150 undan Jaður 20-891 frá Múlakoti. Yfirburði sína sækir hann eingöngu í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt best fyrir læri. Í kjötmatinu virðast þessi lömb vera dálítið feitari en aðrir hópar sem dregur kjötmatseinkunn eitthvað niður en gerðin er ein sú besta. Móðurfaðir Hjara er Hólkur 15-823 frá Brekku. Næstur kemur Listi 23-148 en hann er sonur Haka 21-151 sem hér hefur skilað mjög öflugum afkvæma undanfarin ár. Listi sækir yfirburðina, líkt og Hjari, eingöngu í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast mjög vel, t.d. afgerandi best fyrir frampartinn. Móðurfaðir Lista er Grettir 20-877 frá Ytri-Skógum. Listi hefur nú verið seldur vestur að Þverá í Eyjahreppi.

Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bylur	23-381	Suddi	17-872	105	112	111	110	18,3	10,4	6,8	32,9	3,7	17,5	127
Ás	23-380	Hnokki	19-874	91	99	135	108	16,9	9,8	6,7	32,4	2,8	17,7	128
Stöngull	23-388	Hnaus	20-890	102	108	110	107	18,0	10,0	6,4	32,1	3,9	17,8	129
Viður	23-389	Svartur	17-873	99	112	102	104	17,7	10,1	6,4	30,9	2,9	17,4	126
Klatti	20-178	Móri	13-982	103	112	91	102	18,2	10,6	6,8	30,6	3,4	17,3	129
Oddur	22-367	Kurdo	20-878	100	101	102	101	17,8	10,0	6,7	30,9	3,3	17,6	127
Muggur	23-385	Hvisli	16-868	97	100	103	100	17,5	9,6	6,4	30,9	3,1	17,5	128
Galti	23-383	Svörður	18-854	113	94	90	99	19,0	10,0	7,0	30,8	3,4	17,3	135
Barki	22-361	Galli	20-875	94	108	92	98	17,3	10,3	6,8	30,4	3,6	17,5	124
Rampur	22-370	Rammi	18-834	99	100	96	98	17,7	9,9	6,7	30,9	3,4	17,4	126
Friður	23-382	Alli	19-885	101	82	92	91	17,8	9,6	7,0	30,4	3,3	17,4	133
Rumur	23-386	Rampur	22-370	98	81	83	87	17,6	9,6	7,0	30,1	3,9	17,6	126
Meðaltal:								17,8	10,0	6,7	31,0	3,4	17,5	128

Bylur 23-381, sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg, stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann sækir nokkra yfirburði í alla þætti rannsóknarinnar. Dætur Byls mælast með þykkastan bakvöðva og gerð sláturlamba undan Byl er sú næstbesta. Næstur í heildareinkunn kemur Ás 23-380 sem er sonur Hnokka 19-874 frá Garði. Hann sækir yfirburði sína eingöngu í mat á lifandi lömbum en dætur hans bæði mælast og stigast mjög vel. Sláturlömbin eru hinsvegar 0,9 kg undir meðaltali í fallþunga og gerð þeirra rétt undir meðaltali rannsóknarinnar. Stöngull 23-388 undan Hnaus 20-890 frá Mýrum sýnir þarna ágæta útkomu og sækir nokkra yfirburði bæði í mat á lifandi lömbum og í kjötmatið. Klatti 20-178 er sá hrútur sem á best gerða sláturlambahópin í þessari afkvæmarannsókn. Klatti er frá Þorgautsstöðum 2 og reyndist þar vel sem lambafaðir og lofar góðu sem ærfaðir. Hann er sonur Móra 13-982 frá Bæ og dóttursonur Blæs 11-979 frá Kambi.

Sámsstaðir, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óðinn ÞÓ	23-276	Þór	21-896	99	119	127	115	17,7	11,4	6,3	30,7	3,2	17,8	143
Barði	23-272	Hnaus	20-890	103	119	116	113	18,1	10,9	5,9	29,9	2,9	17,4	141
Hamar	22-265	Steðji	20-879	100	121	114	112	17,8	10,9	5,8	30,3	3,4	17,7	136
Þristur	20-256	Vestri	19-298	98	108	121	109	17,6	11,1	6,4	30,7	3,3	17,7	143
Vafi DÓ	21-262	Sammi	16-841	100	102	119	107	17,8	10,4	5,9	30,3	2,9	17,8	144
Meitill	23-275	Hamar	22-265	104	108	102	105	18,2	10,6	6,0	30,1	3,7	17,8	138
Uggi	21-261	Glitnir	19-848	93	97	87	92	17,2	10,2	5,8	28,3	2,7	17,1	137
Valli	23-278	Alli	19-885	103	70	80	84	18,1	9,9	6,7	28,8	3,6	17,4	142
Seifur GÓ	23-277	Gimsteinn	21-899	101	45	42	63	17,9	8,9	6,6	27,1	3,9	17,1	142
Meðaltal:								17,8	10,5	6,1	29,5	3,3	17,5	140

Óðinn 23-276 sonur Þórs 21-896 frá Ytri-Skógum stendur efstur í heildina og sýnir talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum þar sem hann á afgerandi best gerða sláturlambahópinn. Óðinn er dóttursonur Ramma 18-834 frá Hesti. Barði 23-272 undan Hnaus 20-890 frá Mýrum kemur næstur í heildina. Hann er að skila vænum og velgerðum lömbum og sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Barði er dóttursonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum 2. Barði er með áhugaverða arfgerð gagnvart riðupoli, C151/H154. Hamar 22-265 undan Steðja 20-879 frá Ytri-Skógum er sá þriðji í röðinni í heildina og svo var einnig í afkvæmarannsókn hér haustið 2023. Hann er dóttursonur Spaks 14-801 frá Oddsstöðum. Þristur 20-256 er sá fjórði í röðinni. Hann hefur tekið þátt í afkvæmarannsóknum hér frá 2021 þegar hann var sá þriðji í röðinni í heildina en önnur ár ekki komist alveg jafn hátt í samkeppni þessari. Þristur hefur verið felldur en var sonur Vestra 19-298 sem var sonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð og stóð hér fremstur í flokki haustin 2020 og 2021. Loks má nefna Vafa 21-262 sem stóð hér efstur haustið 2023 og annar í röðinni haustið 2022. Vafi hefur einnig verið felldur en var sonur Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum.

Þorgautsstaðir 2, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Högni	21-187	Völlur	18-835	96	127	126	116	16,7	10,7	6,1	29,8	3,5	17,8	131
Kleini	23-156	Klatti	20-178	109	120	113	114	18,2	10,7	6,2	29,2	3,4	17,7	126
Stöngull	23-153	Hvíslí	16-868	101	110	110	107	17,3	9,8	5,8	30,5	4,3	17,5	132
Jaki	23-155	Fífíll	20-181	93	89	121	101	16,4	8,9	6,1	29,9	3,1	17,3	128
Demantur	23-151	Gimsteinn	21-899	103	88	79	90	17,4	9,2	6,2	27,5	3,7	17,4	136
Kristall	23-152	Gimsteinn	21-899	97	81	70	83	16,9	8,9	6,2	27,5	3,7	17,2	135
Meðaltal:								17,2	9,6	6,1	28,8	3,7	17,4	132

Efstur stendur Högni 21-187 sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum. Hann sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamba er 0,5 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Högni er dóttursonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum. Fast á hæla honum í heildareinkunn kemur Kleini 23-156 og sýnir hann dágóða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Athygliverðast er að fallþungi sláturlamba undan honum er 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar en eru þó yngsti lambahópurinn. Faðir hans Klatti 20-178, sem nefndur er í umfjöllun um afkvæmarannsóknina á Gilsbakka, er sonur Móra 13-982 frá Bæ í Árneshreppi. Kleini er síðan sammæðra Gaut 24-972 sem héðan var fenginn á stöð sl. haust. Að baki móður þeirra í annan lið standa þeir Serkur 13-941 frá Hjarðarfelli og Sproti 12-936 frá Melum 2. Stöngull 23-153 sonur Hvísla 16-868 frá Gunnarsstöðum á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og koma afkvæmi hans heldur vel út að flestu leyti. Móðurfaðir Stönguls er Hólkur 15-823 frá Brekku í Núpasveit.

Höll, Þverárhlið

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	23-242	Baldur	19-886	105	103	133	114	19,9	10,6	7,1	34,0	3,3	18,1	153
	23-246	Glæsir	19-887	100	103	123	109	19,3	10,4	6,9	32,7	3,3	17,9	139
	22-233		21-242	104	116	93	104	19,7	10,6	6,6	31,0	3,3	17,7	143
	23-245	Hnaus	20-890	114	97	101	104	20,8	10,6	7,3	32,1	3,6	17,8	154
	23-250		21-239	97	104	90	97	18,8	9,9	6,4	31,5	4,0	17,8	144
	22-238		21-245	84	91	105	93	17,9	10,0	6,9	32,0	3,4	17,8	140
	22-236		21-247	94	105	76	92	18,6	10,9	7,3	29,5	3,5	17,6	139
	23-248		22-235	107	87	80	91	20,0	9,6	6,9	30,9	3,3	17,3	138
							Meðaltal:	19,2	10,3	6,9	31,7	3,5	17,7	143

Veturgamall hrútur númer 23-242 stendur hér efstur í heildina. Hann skarar verulega fram úr í mati á lifandi lömbum en skilar einnig vænum og vel gerðum sláturlömbum. Þessi hrútur er sonur Baldurs 19-886 frá Syðri-Urriðaá. Næstur honum kemur kollóttur jafnaldri hans 23-246 sem er sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Hann á glæsilegan gimbrahóp en fallþungi og mat sláturlamba liggur nærri meðaltali rannsóknarinnar. Sá þriðji í röðinni er 22-233 sem stendur efstur í kjötmatshlutanum. Hann skilaði einnig mjög góðri gerð sláturlamba árið 2023. Þessi hrútur, sem nú er allur, var sonarsonur Viðars 17-844 frá Bergsstöðum.

Stóri-Kálfalækur, Hraunhrepp

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Noroi	20-324	Fálki	17-821	101	117	136	118	18,2	11,1	7,2	32,8	3,4	17,6	154
Klumpur	23-302	Kubbur	22-337	104	101	119	108	18,5	10,7	7,2	32,1	3,4	17,5	158
Heimdallur	23-307	Noroi	20-324	98	133	88	106	17,9	10,7	6,1	30,3	3,3	17,3	153
Óðinn	23-308	Glæsir	19-887	106	107	102	105	18,6	10,9	7,2	32,1	4,7	17,9	152
Skotti	23-306	Noroi	20-324	98	109	105	104	18,0	10,6	6,9	31,7	3,6	17,4	146
Glúmur	20-330	Fannar	19-317	112	91	107	103	19,2	10,1	6,9	32,1	3,8	17,3	160
Fjarki	22-339	Hroki	19-320	88	121	95	101	16,9	10,8	6,7	31,3	3,9	17,3	154
Boli	21-583	Breki	16-824	94	107	98	100	17,4	10,2	6,6	31,1	3,5	17,2	155
Rimmugýgur	23-305	Alli	19-885	94	100	93	96	17,7	9,7	6,3	31,6	4,1	17,1	155
Þór	23-301	Suddi	17-872	106	83	93	94	18,7	10,2	7,4	31,6	4,5	17,5	158
Sokki	18-311	Máni	15-205	90	84	106	93	17,2	8,9	6,3	31,8	3,4	16,9	160
Vindur	18-300	Grábiti	17-233	97	86	81	88	18,0	10,2	7,3	31,8	4,6	17,1	155
Arnar Baldur	23-309	Stjalfur	22-344	114	84	65	88	19,2	10,6	7,6	29,6	4,1	17,5	156
Freyr	23-303	Sokki	18-311	91	69	102	87	17,3	9,0	7,0	31,5	3,7	17,2	157
							Meðaltal:	18,1	10,4	7,0	31,5	3,8	17,3	155

Noroi 20-324 stendur hér langefstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er um meðaltal rannsóknarinnar en gerð þeirra sú besta. Noroi var kollóttur frá Mel í sömu sveit, sonur Fálka 17-821 Bassastöðum en móðurfaðir Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum. Næstur í heildareinkunn er Klumpur 23-302 og sækir hann yfirburði sína að mestu í mat á lifandi lömbum. Þessi hrútur hefur verið felldur enda arfblendinn V136 hrútur. Tveir synir Noroia þeir Heimdallur 23-307 og Skotti 23-306 skipa þriðja og fimmta sæti í heildina. Þar eru greinilega á ferð öflugir lambafeður þó þeir skáki ekki föður sínum. Á milli þeirra í röðinni er Óðinn 23-308 sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Móðir Óðins er aðkeypt frá Læk á Skógarströnd undan kaupahrút þar frá Árbæ í Reykhólasveit. Óðinn er að skila vænum og vel gerðum sláturlömbum.

Snæfellsnes

Haukatunga syðri 2, Kolbeinstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fursti	22-522	Grettir	20-877	105	116	107	110	18,6	11,0	7,0	30,8	3,6	17,6	154
Bragi	23-533	Salörn	22-340	105	118	97	107	18,4	11,1	7,2	29,5	3,5	17,8	157
Vestri	23-532	Fursti	22-522	106	103	100	103	18,7	10,6	7,2	29,6	3,2	17,7	154
Eyjólfur	22-523	Dalur	17-870	102	95	109	102	18,2	10,2	7,1	30,4	3,2	17,6	155
Askur	23-527	Fróði	18-880	95	94	108	99	17,6	10,0	7,0	30,8	3,9	17,8	152
Suðri	23-529	Alli	19-885	93	102	100	98	17,5	10,3	7,0	30,1	3,5	17,4	157
Hnykill	21-300	Fáli	20-906	94	99	99	97	17,3	10,1	6,9	30,5	3,9	17,6	157
Dagur	23-530	Grettir	20-877	101	93	89	94	18,1	10,4	7,5	29,5	3,6	17,4	157
Austri	23-528	Angi	18-882	103	86	92	94	18,2	9,6	6,9	29,8	3,4	17,5	153
Meðaltal:								18,0	10,3	7,1	30,1	3,5	17,6	155

Líkst og haustið 2023 stendur Fursti 22-522 sonur Grettis 20-877 hér efstur í heildareinkunn. Hann sýnir nokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en þó mesta í kjötmatshlutanum. Í móðurætt hans má sjá heimahrúta sem staðið hafa efstir í afkvæmarannsóknum hér á síðustu árum s.s. Leyni 16-522. Fursti er greinilega kynfastur og öflugur lambafaðir. Næstur kemur Bragi 23-533 undan Salerni 22-340. Bragi sækir yfirburði sína fyrst og fremst í kjötmatshlutann og skilar best gerða sláturlambahópnum. Salörn faðir hans er aðkeyptur frá Hraunhálsi og er sonur Starflóa 21-439 sem hefur reynst mjög öflugur lambafaðir. Móðurfaðir Braga er Tilberi 19-330 frá Broddanesi sem hér reynist mjög vel sem lambafaðir. Eins og ætternið gefur til kynna er Bragi kollóttur. Næstur í heildareinkunn kemur Vestri 23-532 sonur Fursta 22-522 sem nefndur er hér að ofan og staðfestir enn betur að faðir hans er öflugur kynbótahrútur. Móðurfaðir hans er Haki 20-506 sonur Mjöltnis 16-828 frá Efri-Fitjum. Haki var í öðrum sæti í afkvæmarannsókn hér 2021 og efstur árið eftir.

Snorrastaðir, Kolbeinsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	LífLömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Njörður	23-424	Freyr	22-004	104	122	124	117	16,1	10,7	5,8	30,2	2,2	17,3	146
Ástríkur	23-425	Alli	19-885	98	98	120	105	15,3	9,4	5,8	30,4	2,6	17,6	147
Seðill	23-427	Platti	22-118	96	99	114	103	15,3	9,4	5,8	29,9	2,0	17,0	145
Joker	20-401	Durtur	16-994	97	99	106	101	15,3	9,9	6,2	29,5	2,7	17,3	138
Morthens	23-426	Fjallið	21-130	97	97	90	95	15,3	8,8	5,3	28,4	2,1	16,8	143
Stapi	23-428	Títan	21-123	110	90	79	93	16,7	9,8	6,4	28,4	2,8	17,0	147
Lurkur	23-431	Hnaus	20-890	99	96	78	91	15,5	9,5	6,0	27,8	2,6	17,1	145
Meðaltal:								15,6	9,6	5,9	29,1	2,5	17,1	144

Langefstur í heildareinkunn stendur hér Njörður 23-424 og sýnir hann mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Einkum er þó athyglivert hve mikið sláturlömb undan Nirði skara fram úr öðrum lambahópum hvað gerðina snertir en fallþungi þeirra er jafnframt 0,5 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Njörður varð skammlífur og drapst stuttu eftir fengitíma en hann var sonursonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum og móðir hans sonardóttir Mjólnis 16-828 frá Efri-Fitjum. Næstur kemur Ástríkur 23-425 sonur Alla 19-885 frá Snartarstöðum en hann sækir alla yfirburði sína í mat á lifandi lömbum þar sem dætur hans skara dálítið fram úr öðrum hópum. Ástríkur er aðkeyptur frá Gaul en móðir hans er dóttir Tanga 13-954 frá Klifmýri.

Dalasysla

Vífildalur, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gandálfur	21-445	Glámur	16-825	106	127	136	123	17,3	9,9	5,5	31,1	2,7	17,3	138
Aríon	23-456	Glitnir	19-848	94	128	135	119	16,4	10,0	5,7	31,7	2,8	17,4	130
Karri	23-460	Kalli	20-893	96	113	129	113	16,5	10,0	6,1	31,4	3,0	17,4	139
Latur	23-455	Glitnir	19-848	89	125	116	110	15,9	9,7	5,4	30,7	2,8	17,1	135
Askur	23-457	Alli	19-885	110	96	100	102	17,6	9,9	6,6	29,8	3,1	17,2	132
Vörður	23-940	Tónn	18-855	112	88	87	95	18,2	10,2	7,3	29,2	3,3	17,3	142
Fannar	20-441	Smári	17-089	101	90	87	93	16,9	9,3	6,2	28,3	2,9	17,5	134
Sómi	21-446	Þokki	17-853	103	65	63	77	17,0	8,9	6,7	28,2	3,3	17,1	137
Bófi	21-450	Gangster	17-782	91	72	49	71	16,1	8,3	6,0	26,7	2,8	16,6	139
Meðaltal:								16,8	9,5	6,1	29,6	3,0	17,2	136

Gandálfur 21-445 stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir góða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann er sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti en móðurfaðir hans er Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum. Gandálfur er faðir þeirra Fróða 24-942 og Sóma 24-963 sem héðan voru fengnir í þjónustu stöðvanna til að útbreiða riðuverndandi arfgerðina R171. Þá vernd sóttu þessir hálfbræður þó til mæðra sinna. Næstur í heildareinkunn er Arion 23-456 sonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva, gerð sláturlamba er með því besta en fallþungi þeirra er 0,4 kg undir meðaltali. Móðir hans sonardóttir Durts 16-994 frá Hesti. Karri 23-460 sonur Kalla 20-893 frá Gautsdal (Valþúfu) kemur næstur og er sláturlambahópurinn undan honum næsthæstur í gerð sláturlamba ásamt sláturlömbum undan Arion 23-456. Dætur Karra mælast með næstþykkastan bakvöðva. Móðurfaðir Karra er Nonni 16-469 sem var kaupahrútur frá Broddanesi 1. Eins og sjá má á ætterninu er hér um kollóttan hrút að ræða. Stöðvahrúturinn Vörður 23-940, sem héðan var fenginn, er sá gripur sem dró fram á sjónarsviðið uppsprettu R171 í Suður-Dölum. Hann á þarna vænsta sláturlambahópinn sem jafnframt er metinn best gerður en um leið langfeitastur sem dregur kjötmatseinkunn talsvert niður. Þessi fita er þó hreint ekki til skaða hvað verðlagningu varðar. Út frá þessum niðurstöðum má vænta þess að Vörður skili þroskamiklum og velgerðum lömbum um land allt næsta haust. Rétt er jafnframt að geta þess að mikið var sett á af lömbum undan Verði þannig að það er búið að fleyta rjómann rækilega ofan af.

Hlíð, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Groddi	23-304	Hnaus	20-890	85	125	128	113	15,5	10,0	5,9	31,7	3,2	17,5	129
Gaumur	23-306	Hnaus	20-890	99	94	141	111	16,6	9,6	6,3	31,5	3,1	17,8	139
Sigurviss	20-054	Drjúgur	17-808	115	87	92	98	17,6	10,3	7,1	30,0	3,7	17,5	138
Banki	23-309	Glitnir	19-848	103	106	85	98	16,9	10,1	6,4	29,6	3,7	17,5	134
Barmur	23-314	Baldur	19-886	108	101	83	97	17,2	10,0	6,4	29,9	4,0	17,4	139
X Man	22-095	Sigurviss	20-054	92	113	83	96	16,0	10,2	6,3	29,1	3,6	17,3	138
Teigur	23-301	Jaður	20-891	86	85	101	90	15,1	8,0	5,5	29,6	2,9	17,4	140
Snúður	23-312	Grettir	20-877	93	91	85	89	16,0	8,6	5,6	28,4	2,9	17,3	138
Meðaltal:								16,6	9,8	6,4	30,1	3,4	17,5	137

Hér standa efstir í heildareinkunn hálfbræður synir Hnauss 20-890 frá Mýrum. Niðurstöðurnar eru þó alls ekki samhljóma. Groddi 23-304 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva, flokkun sláturlamba er ein sú hagstæðasta en fallþungi sláturlamba 1,1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar en þetta er þó jafnframt yngsti sláturlambahópurinn. Groddi er allur en móðir hans var dóttir Kalda 12-950 frá Oddsstöðum. Gaumur 23-306 á þann gimbrahóp sem stigast hæst fyrir læri og mælast jafnframt með næstþykkastan bakvöðva. Þessa yfirburði er ekki að sjá í sláturlambahópnum en fallþungi þeirra er á meðaltali. Móðir Gaums er dóttir Hólks 15-823 frá Brekku. Sigurviss 20-054 sonur Drjúgs 17-808 frá Hesti er að skila sláturlömbum sem eru 1 kg yfir meðaltali í fallþunga en jafnframt áberandi feitust. Sigurviss var dóttursonur Dúdda 14-699 frá Ósi og móðurmóðurfaðir hans er Bifur 06-944 frá Hesti.

Geirshlíð, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dr,Love	20-102	Amor	17-831	99	111	124	111	17,3	9,7	6,0	29,6	3,0	17,5	139
Hengill	23-116	Jökull	22-103	106	105	108	106	17,8	9,7	6,2	29,2	2,9	17,1	142
Múli	23-110	Dr,Love	20-102	97	103	112	104	17,0	9,7	6,2	29,5	3,0	17,2	138
Stormur	23-112	Gimsteinn	21-899	107	98	76	94	18,0	9,9	6,5	27,2	3,0	17,1	143
Mario	23-119	Hnaus	20-890	94	89	94	93	16,9	9,1	6,2	28,5	2,9	17,2	144
Dada	22-102	Magni	20-105	97	94	79	90	17,1	8,7	5,6	27,3	2,8	17,0	141
Meðaltal:								17,3	9,5	6,1	28,6	2,9	17,2	142

Dr. Love 20-102 sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum stendur hér efstur í heildina. Mest af yfirburðunum sækir hann í mat á lifandi lömbum þó sláturlömbin komi einnig vel út í samanburðinum. Múli 23-110 sonur hans fetar í fótspor föður síns þó hann sýnist ekki jafnoki hans í þessum samanburði en er sá þriðji í heildina. Múli var felldur sl. haust. Dr. Love er allur en móðir hans var sonardóttir Guffa 08-869 frá Garði. Í öðru sæti er Hengill 23-116 og sýnir hann nokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Í föðurætt rekur Hengill sig m.a. að Hesti en föðurfaðir hans var samfeðra Ramma 18-834 en móðir Hengils er aðkeypt frá Mýrdal dótturdóttir Salamons 10-906 frá Gröf.

Skörð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	23-054		21-052	116	99	103	106	18,0	9,6	6,2	32,4	3,0	17,3	143
	23-057		21-056	104	100	103	102	16,7	9,9	6,5	32,4	3,2	17,5	137
	20-053		18-054	88	101	110	100	15,6	9,1	5,7	31,9	3,1	18,0	128
	23-051	Elfur	19-109	88	115	95	99	15,5	9,0	5,1	30,6	2,4	17,4	137
	23-053		20-053	108	96	93	99	17,0	9,6	6,3	31,2	3,0	17,7	138
	23-059		22-057	106	88	103	99	16,9	9,1	6,2	31,5	2,7	17,4	135
							Meðaltal:	16,4	9,3	5,9	31,5	2,9	17,5	135

Að þessu sinni kemur ekki mikill munur fram á hrútum sem hér eru bornir saman. Efstur í heildina er 23-054. Hann er að skila miklum yfirburðum í fallþunga sláturlamba og á þarna ágætun gimbrahóp í mati á lifandi lömbum. Faðir hans er aðkeyptur frá Ragnari á Heydalsá og í annan lið standa að baki honum þeir Fennir 19-857 frá Heydalsá og Fálki 17-821 frá Bassastöðum. Móðurfaðirinn er kaupahrútur frá Miðdalsgröf. Eins og sjá má á ætterninu er hér um kollóttan hrút að ræða en þessi efnishrútur er allur.

Háafell, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svartur	21-327	Surtur	20-334	100	105	121	109	19,6	11,6	6,9	31,6	4,3	17,8	145
Torfi	23-704	Hnaus	20-890	102	92	110	102	19,8	11,4	7,3	30,7	4,7	18,0	139
Kolur	23-706	Svartur	17-873	108	89	103	100	20,2	11,6	7,5	31,3	4,8	17,6	149
Jaðar	23-700	Jaður	20-891	92	114	91	99	18,9	11,7	6,7	29,8	4,8	17,8	142
Kór	23-703	Þór	21-896	99	102	90	97	19,5	11,3	6,8	30,3	5,0	17,6	135
Klettur	20-326	Heimaklettu	16-826	97	99	89	95	19,2	11,4	6,9	30,1	4,9	17,4	143
							Meðaltal:	19,6	11,5	7,1	30,5	4,8	17,7	143

Hér eru bornir saman afkvæmahópar sem allir eru hinir glæsilegustu og ekki verulegur munur á milli þeirra. Nokkuð efstur í heildina stendur Svartur 21-327 en hann sækir yfirburði sína að mestu í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast þrýðilega. Svartur kvaddi lífið um jólin 2023 en hann var sonarsonur Durts 16-994 frá Hesti. Kolur 23-706 sonur hans kemur vel út þó hann nái ekki að toppa föður sinn nema í fallþunga lamba. Móðir Kols er sonardóttir Salamons 10-906 frá Gröf. Torfi 23-704 undan Hnaus 20-890 frá Mýrum á þarna þrýðilegan gimbrahóp sem stigast best fyrir læri. Móðurfaðir Torfa er Rammi 18-834 frá Hesti.

Ásgarður, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gullmoli	21-427	Kostur	19-849	96	130	115	113	17,8	11,6	6,3	32,5	2,7	17,7	134
Ganýmedes	23-441	Júpíter	22-428	101	109	125	112	18,3	11,3	6,7	33,5	2,4	17,3	136
Klaki	23-444	Frosti	22-913	98	121	107	109	18,0	11,3	6,3	32,4	2,7	17,5	132
Júpíter	22-428	Suddi	17-872	104	114	91	103	18,4	11,2	6,5	30,8	2,4	17,7	132
Opal	23-440	Gullmoli	21-427	98	98	101	99	17,9	11,3	7,2	32,4	3,2	17,7	135
Pyttur	23-442	Júpíter	22-428	97	87	96	93	17,8	10,3	6,8	32,5	3,2	17,5	142
Freyr	22-432	Amor	17-831	98	78	102	93	18,0	10,2	6,7	32,7	3,1	17,5	135
Þór	23-438	Gimsteinn	21-899	105	96	76	92	18,6	11,2	7,2	31,1	3,3	17,7	139
Loki	23-437	Gimsteinn	21-899	102	82	90	91	18,3	11,2	7,6	32,0	3,4	17,7	135
Meðaltal:								18,2	11,0	6,8	32,2	2,9	17,6	135

Hér stendur efstur Gullmoli 21-427 undan Kostu 19-849 frá Ytri-Skógum. Hjá dætrum hans fer vel saman bæði þykkur bakvöðvi og öflug lærahold. Gerð sláturlamba er sú besta í þessum samanburði og fita ein sú minnsta. Fallþungi er 0,4 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Gullmoli er arfhreinn fyrir H154 arfgerðinni. Ganýmedes 23-441 á þann gimbrahóp sem mælist með afgerandi þykkastan bakvöðva. Faðir hans Júpíter 22-428, sem hér er sá fjórði í röðinni, er sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg. Móðurfaðir Ganýmedesar er Sammi 16-841 frá Þóroddsstöðum. Klaki 23-444 sonur Frosta 22-913 sem héðan var fenginn til stöðvanna skilar hér prýðilegum niðurstöðum. Hann er arfhreinn fyrir H154 líkt og faðir sinn. Að baki Klaka í öðrum ættlið standa þeir Fáfni 16-995 frá Mýrum 2 og Hrauni 12-948 frá Hjarðarfelli.

Skarðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	23-239	Riddari	22-547	102	114	119	112	16,8	9,9	5,3	31,3	2,5	17,6	135
Blær	21-252	Kostur	19-849	98	108	116	107	16,4	10,1	5,8	32,0	3,3	17,8	137
Allason	23-242	Alli	19-885	103	103	95	101	16,9	10,0	5,7	30,1	2,6	17,5	140
Oddur	23-243	Grettir	20-877	92	94	100	95	15,8	8,9	5,3	30,2	2,5	17,4	140
Friðjón	23-238	Gimsteinn	21-899	109	80	84	91	17,3	9,9	6,3	29,6	3,1	17,8	137
	23-241	Blær	21-252	96	88	86	90	16,2	9,1	5,6	30,0	3,1	17,3	140
Meðaltal:								16,6	9,8	5,7	30,5	2,8	17,6	138

Veturgamall hrútur númer 23-239 stendur hér efstur í heildina og sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Góð holdfylling en lítil fita virðist einkenna afkvæmi hans. Þessi ágæti hrútur er fallinn en faðir hans var sonur Steðja 20-879 frá Ytri-Skógum en móðir hans dóttir Ramma 18-834 frá Hesti. Blær 21-252 kemur næstur en hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Sláturlömb undan honum skora einnig hæst í gerðarmati. Þessi hrútur er frá Rauðbarðaholti, sonur Kosta 19-849 frá Ytri-Skógum.

Valpúfa, Fellsströnd

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fílótetes	21-301	Hades	20-306	108	118	124	117	17,2	10,5	6,5	31,6	2,9	17,6	140
Herkúles	23-302	Hades	20-306	100	119	125	115	16,5	9,8	5,8	31,1	2,9	18,0	139
gimli	23-306		22-303	109	91	115	105	17,2	9,4	6,5	31,1	3,1	17,7	142
Úranus	22-311	Svanur	20-316	97	100	108	102	16,3	9,4	6,1	31,1	3,4	17,5	142
Snar	22-263	Snöggur	20-409	107	93	98	100	17,0	9,8	6,7	30,3	3,4	17,6	145
Náttofsi	22-308	Rammi	18-834	88	112	99	100	15,6	9,2	5,4	29,7	2,7	17,3	144
	23-300		20-305	109	96	85	97	17,1	9,6	6,4	29,1	2,8	17,3	145
Bjarki	23-922	Gimsteinn	21-899	102	107	73	94	16,7	9,8	6,1	29,1	3,2	17,2	155
Túrbó	22-305	Kurdo	20-878	95	87	98	94	16,2	9,0	6,0	29,8	2,8	17,5	140
Grágoggur	23-308	Strumpur	21-306	92	93	91	92	15,9	8,8	5,6	29,5	3,0	17,4	135
							Meðaltal:	16,5	9,4	6,1	30,1	3,0	17,5	142

Tveir synir Hadesar 20-306 standa hér efstir í heildina. Hades sem er sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum stóð hér efstur í afkvæmarannsóknnum bæði haustið 2022 og 2023. Fílótes 21-301 er um flest öflugri kynbótahrútur en hálfbróðir hans Herkúles 23-302 en Herkúles á þó þann gimbrahóp sem stigast hæst fyrir læri. Herkúles er sá eini þessara feðga sem nú er á lífi.

Klifmýri, Skarðsströnd

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Séns	22-409		21-488	104	128	137	123	17,1	9,6	5,8	30,7	2,2	17,3	145
Hamar	22-405	Steðji	20-879	91	123	134	116	16,0	9,1	5,6	30,5	2,7	17,8	144
	23-419	Barði	20-448	114	105	105	108	17,8	8,5	5,7	28,9	2,4	17,3	152
	23-423	Snagi	21-497	101	109	111	107	16,8	8,9	5,9	29,8	2,7	17,4	146
	23-422	Barði	20-448	104	108	100	104	17,0	9,3	6,4	28,1	2,2	17,4	161
Ókostur	21-487	Kostur	19-849	94	102	108	101	16,3	9,0	6,3	29,7	3,0	17,4	150
	23-414	Hnúi	19-432	107	98	95	100	17,2	8,9	6,3	28,4	2,5	17,2	159
	23-425	Jörfi	21-499	109	86	95	97	17,5	9,0	6,9	28,2	2,3	17,3	148
Strengur	22-401	Kapall	16-869	104	100	85	96	17,0	8,9	6,2	28,4	2,7	17,1	146
Jörfi	21-499	Barði	20-448	82	95	109	95	15,7	8,4	5,9	28,5	2,0	17,3	143
	23-416	Hnúi	19-432	106	94	84	95	17,2	8,9	6,5	27,8	2,4	17,1	155
Snagi	21-497	Krókur	20-457	103	88	90	94	16,9	8,6	6,3	28,3	2,6	17,3	145
Svalki	22-407	Volki	20-447	96	100	76	91	16,5	8,5	5,8	27,4	2,6	17,3	145
							Meðaltal:	16,7	8,8	6,1	28,7	2,5	17,3	148

Að þessu sinni stendur nokkuð efstur í heildareinkunn hrúturinn Séns 22-409 og sýnir hann mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Séns er sonarsonur Búa 15-822 frá Lækjarvöllum. Næstur honum kemur Hamar 22-405 undan Steðja 20-879 frá Ytri-Skógum. Hann kemur vel út úr bæði mati á lifandi lömbum og kjötmatshlutanum en fallþungi er 0,7 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Hrútur númer 23-419 skilar sláturlömbum sem eru 1,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga. Þessi hrútur er sonur Barða 20-448 sem stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2023.

Burranes, Saurbæ

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bolur	22-428	Börkur	17-842	104	121	141	122	17,1	11,0	5,9	32,2	2,6	17,8	145
Stokkur	22-429	Kapall	16-869	106	110	110	109	17,3	10,9	6,3	30,2	2,6	17,6	148
Skarði	23-434	Suddi	17-872	109	107	109	108	17,9	11,2	6,4	31,0	2,7	17,5	133
Glanni	22-430	Manni	19-411	103	91	113	102	17,0	10,3	6,4	31,0	2,9	17,6	149
Kobbi	21-421	Sammi	16-841	96	111	89	99	16,5	10,5	6,0	29,6	3,0	17,6	146
Mosi	23-441	Mundi	19-410	93	90	99	94	16,2	10,2	6,6	28,9	2,4	17,8	143
Fengur	23-440	Drengur	21-423	101	93	87	94	16,8	10,3	6,4	30,1	3,4	17,6	142
Bond	23-435	Suddi	17-872	95	93	68	85	16,4	9,6	5,9	28,1	2,5	16,6	151
Smellur	23-437	Kostur	19-849	94	83	78	85	16,2	9,2	5,9	28,7	2,7	17,3	145
Meðaltal:								16,8	10,4	6,2	30,1	2,7	17,5	145

Bolur 22-428 stendur hér langefstur í heildareinkunn en hann er sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum. Dætur hans bera algjörlega af í mati á lifandi lömbum og gerð sláturlamba er sú næst besta. Stokkur 22-429 er annar í röðinni, hann er sonur Kapals 16-869 frá Hvoli. Stokkur skilar mjög góðu inn í alla þætti rannsóknarinnar. MFF Stokks er Bekri 12-911 frá Hesti og MMF hans er Kári 10-904 frá Ásgarði. Skarði 23-434 sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg skilar einnig prýðilegum niðurstöðum og á hann best gerða sláturlambahópin sem jafnframt er 0,9 kg yfir meðaltalinu í fallþunga. Skarði varð því miður skammlífur.

Stóra-Holt, Saurbæ

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þráinn	22-184	Dolli	19-864	103	119	124	116	17,8	10,9	6,2	32,6	3,0	17,6	145
Ástríkur	20-201	Amor	17-831	98	134	108	113	17,4	10,7	5,5	31,9	3,1	17,5	139
Tenór	23-190	Tónn	18-855	104	113	120	112	17,8	10,8	6,3	31,9	2,3	17,4	141
Olli	23-191	Hnaus	20-890	102	100	117	106	17,6	10,3	6,3	33,0	2,8	17,1	143
Siggi	23-188	Hnaus	20-890	101	95	111	103	17,6	10,8	6,9	32,4	3,5	17,7	142
Snævar	23-196	Frosti	21-196	110	98	92	100	18,5	10,3	6,2	30,6	3,1	17,6	144
Steingrímur	23-195	Steini	22-180	105	92	91	96	18,1	10,1	6,3	31,0	3,0	17,3	148
Þrymur	20-200	Mjólnir	16-828	98	118	68	95	17,4	10,9	6,3	30,1	3,4	17,2	144
Raftur	22-181	Kurdo	20-878	103	84	95	94	17,8	10,4	6,9	31,7	3,6	17,6	144
Snöggur	23-194	Þrymur	20-200	94	93	92	93	16,9	9,7	6,1	31,6	3,6	17,4	135
Frosti	21-196	Fennir	19-857	94	76	102	91	17,0	9,5	6,5	32,1	3,4	17,4	143
Snar	23-193	Alli	19-885	90	70	73	78	16,8	9,7	6,9	29,3	2,9	17,2	144
Meðaltal:								17,5	10,4	6,4	31,6	3,2	17,4	143

Þráinn 22-184 sonur Dolla 19-864 frá Miðdalsgröf stendur hér efstur í heildareinkunn. Sláturlömb undan Þráni flokkast best gagnvart gerð ásamt afkvæmum Þryms 20-200. Dætur Þráins mælast síðan með næstþykkastan bakvöðva. Þráinn fórst því miður á fjalli síðastliðið sumar. Líkt og á síðasta ári skipar Ástríkur 20-201 annað sætið í heildareinkunn en þessi ágæti hrútur er sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Árið 2022 stóð Ástríkur efstur í afkvæmarannsókninni hér þannig hann hefur verið í fremstu röð í þrjú haust í röð. Móðir Ástríks var sonardóttir Þrists 08-872 frá Steinum. Ástríkur hefur nú verið felldur. Tenór 23-190 er sá veturgamli hrútur sem skorar hæst í heildareinkunn og kemst vel frá öllum þáttum rannsóknarinnar. Þessi hrútur er sonur Tóns 18-855 frá Melum 1 og er sammæðra Þráni 22-184 hér að ofan. Móðir þeirra bræðra er sonardóttir Hnalls 12-934 frá Broddanesi 1. Olli 23-191 er sonur Hnauss 20-890 frá Mýrum 2. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Hálfbróðir hans að föðurnum, Siggi 23-188 virðist einnig vera spennandi hrútur og lifir hann enn, en Olli er allur.

Barðastrandarsýslur

Hríshóll 2, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Teigur	23-234	Grettir	20-877	114	108	143	122	19,0	11,2	6,5	29,8	3,2	17,5	135
Frændi	23-541	Gullmoli	22-902	114	102	125	114	18,6	11,2	6,8	28,2	3,5	17,4	141
Skiftir	23-230	Páll	20-324	101	89	121	103	17,7	10,6	6,9	28,6	3,5	17,4	129
Ljúfur	23-227	Gimsteinn	21-899	101	104	104	103	17,7	10,5	6,2	26,8	3,0	17,0	133
Matti	23-225	Puti	22-295	98	113	95	102	17,5	10,8	6,2	26,5	3,1	17,1	131
Svampur Sve	21-563	Kostur	19-849	103	113	82	99	18,0	11,1	6,4	26,7	3,8	16,9	136
Hausti	23-233	Hnaus	20-890	83	105	106	98	16,2	10,0	5,9	27,0	3,0	17,1	133
Mógolsi	23-235	Grettir	20-877	111	80	89	94	18,8	11,0	7,5	27,1	3,6	17,0	141
Sokki	22-550	Sokkur	17-871	101	91	61	84	17,7	10,6	6,7	25,1	4,1	17,0	137
Klúku-Móri	21-571	Móri	19-888	85	95	56	79	16,6	10,5	6,7	24,5	3,1	16,6	134
Meðaltal:								17,6	10,7	6,6	27,1	3,4	17,1	135

Teigur 23-234 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum stendur hér efstur í heildareinkunn. Dætur hans skara verulega fram úr öðrum hópum með þykkt bakvöðvans og stigast jafnframt best fyrir læri. Sambærilegir yfirburðir koma ekki fram í sláturlambahópnum þó að þetta sé einn af allra bestu hópunum. Fallþungi sláturlamba er 1,4 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Næstur í heildareinkunn er Frændi 23-541 undan Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Hann sýnir líkt og Teigur mesta yfirburði í mati á líflömbum og í fallþungaeinkunn. Frændi er keyptur frá Miðdalsgröf og er tvílembingur á móti stöðvastjörninni Mola 23-919 sem það var fengin. Frændi er arfblendinn gagnvart R171 eins og bróðir sinn. Teigur og Frændi skara talsvert mikið fram úr öðrum afkvæmahópum í þessari rannsókn.

Innri-Múli, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þór	19-307	Spakur	16-302	106	138	151	132	18,6	12,6	6,6	29,5	3,6	17,9	143
Gullmoli	23-335	Gullmoli	22-902	90	129	135	118	16,7	12,4	6,9	28,4	3,0	17,4	149
Bikar	23-322	Bikar	17-852	113	112	123	116	19,0	12,1	7,5	27,1	3,1	17,3	139
Langidalur	22-311	Dalur	20-335	100	133	106	113	17,9	12,1	6,8	26,7	3,4	17,3	139
Hreggur	20-325	Askur	17-320	111	107	117	111	18,8	11,5	7,1	26,7	3,1	17,7	138
Fálki	22-302	Örn	18-124	121	99	112	111	19,5	11,4	7,4	27,4	3,6	17,5	141
Spakur	23-323	Dalur	20-335	114	121	94	110	19,0	12,2	7,4	25,6	3,1	17,0	140
Pinni	23-333	Glæsir	19-887	99	102	114	105	17,8	11,3	7,1	27,4	3,6	17,8	138
Dalur	20-335	Kubbur	17-133	110	114	90	105	18,7	12,0	7,4	26,1	3,9	17,4	140
Kitti	23-342	Gullmoli	22-902	99	105	103	103	17,8	11,2	6,9	26,5	3,4	17,3	140
Gæfur	22-308	Glaumur	18-337	97	105	101	101	17,7	10,7	6,5	26,0	3,1	17,3	137
Gólfat	20-332	Gólfat	17-131	101	111	89	100	18,0	11,4	6,9	24,7	2,8	17,3	138
Klængur	23-329	Þór	19-307	86	102	110	99	16,4	10,3	6,1	27,0	3,2	17,2	139
Darri	23-327	Gullmoli	22-902	88	106	101	98	16,7	11,0	6,7	26,3	3,1	16,9	144
Svarbotni	23-336	Glaumur	18-337	82	100	112	98	16,1	10,5	6,4	26,9	2,6	16,8	139
Valur	22-304	Láki	20-094	100	86	105	97	18,0	9,9	6,4	25,8	2,5	17,0	137
Gimsteinn	23-325	Gimsteinn	21-899	96	94	95	95	17,6	11,2	7,3	26,5	4,3	17,8	140
Svali	23-326	Þór	19-307	91	97	92	94	16,8	11,0	7,1	25,6	3,3	17,0	136
Móri	23-328	Móri	19-888	110	83	81	92	19,0	11,3	8,0	25,4	3,7	17,1	142
Golsi Frosta	23-331	Gólfat	20-332	110	83	82	92	19,2	10,3	7,1	24,0	2,5	16,9	144
Bjarnabófi	23-350	Gimsteinn	21-899	88	64	99	84	17,0	9,4	6,6	25,9	3,2	17,2	135
Múfasa	23-330	Messi	22-303	97	82	71	83	17,6	10,4	7,0	25,0	3,6	17,0	146
Krummi	22-301	Móri	19-888	100	73	68	80	17,9	10,0	7,0	24,1	2,9	16,7	141
Móbotni	22-333	Móglí	21-343	77	55	70	67	16,1	8,8	6,3	24,8	3,4	17,0	135
							Meðaltal:	17,9	11,0	7,0	26,1	3,2	17,2	139

Fjórða árið í röð skipar Þór 19-307 efsta sætið í heildareinkunn en hann byrjaði ferilinn í öðru sæti haustið 2020. Þetta er að sjálfsgöðu fáheyrð ef ekki alveg einstakt afrek því hér er jafnan gerð upp ein af stærri afkvæmarannsóknunum landsins ár hvert. Að þessu sinni ber Þór töluvert af öðrum hrútum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatseinkunn. Þór hefur áður verið rækilega kynntur í þessum umfjöllunum en hann er sonur Spaks 16-302 sem fenginn var hingað frá Broddanesi 1 og móðir hans var sonardóttir Sigurfara 09-860 frá Smáhömrum. Þór var felldur sl. haust. Veturgamall hrútur Gullmoli 23-335 kemur næstur í heildareinkunn. Hann er sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Hann á þarna einn besta gimbrahópinn og gerð sláturlamba er sú næst besta þrátt fyrir að þessi lömb séu 1,2 kg undir meðalfallþunga í þessari rannsókn. Móðurfaðir Gullmola er Hreggur 20-325 sem hefur staðið sig vel í afkvæmarannsóknunum hér sl. þrjú haust og er getið um hér að neðan. Gullmoli var felldur sl. haust. Hann fékk R171 frá föður sínum og voru settir á vetur tveir hrútar undan honum með R171 sem áhugavert verður að fylgjast með. Bikar 23-322 sonur Bikars 17-852 frá Ytri-Reykjum á þarna prýðilegan sláturlambahóp og er fallþungi þeirra 1,1 kg yfir meðalfallþunga rannsóknarinnar. Móðurfaðir Bikars var sonur Flotta 14-309 sem nefndur er hér að neðan. Bikar var felldur sl. haust. Langidalur 22-311 skilar mjög hagstæðri flokkun sláturlamba. Hann var í þriðja sæti í heildina haustið 2023 og faðir hans Dalur 20-335 í öðru sætinu. Dalur er aðkeyptur frá Heydalsá 1 en móðir Langdals rekur ættir m.a. að Árbæ og Broddanesi. Hreggur 20-325 hefur staðið ofarlega í afkvæmarannsóknunum hér bæði haustið 2022 og 2023. Hreggur er sonarsonur Flotta 14-309 sem stóð hér efstur í afkvæmarannsókn 2016 og ofarlega næstu ár á eftir en varð þó að víkja fyrir Spak 16-302 föður Þórs 19-307. Fálki 22-302 stóð einnig ofarlega í rannsókninni hausti 2023 en hann er aðkeyptur frá Miðdalsgröf sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum.

Strandasýsla

Heydalsá 1, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Séra Bjössi	23-108	Glæsir	19-887	101	155	126	127	19,1	13,4	6,2	30,5	2,8	18,1	142
Fjallið	21-130	Pútín	18-138	101	126	121	116	19,1	12,3	6,7	31,4	3,3	17,8	139
Valdimar	23-109	Bikar	17-852	100	111	128	113	18,9	11,9	6,8	32,1	3,5	17,8	137
Óskar	21-135	Glamor	20-125	104	101	126	110	19,3	11,8	7,2	32,6	3,7	17,8	136
Auður	23-112	Fjallið	21-130	100	110	114	108	18,9	11,6	6,5	30,6	2,9	17,7	137
Agnarr	23-106	Hornsteinn	22-901	86	138	100	108	17,7	12,4	6,3	29,8	3,4	17,9	136
Jón Jónsson	23-116	Jón Reynir	22-001	99	105	118	107	18,9	11,4	6,6	30,9	3,2	17,9	136
Jésús	23-113	Fjallið	21-130	100	87	131	106	18,9	11,5	7,5	31,7	3,1	18,0	139
Dróni	22-016	Nasi	18-263	95	111	106	104	18,4	12,2	7,1	30,9	3,6	17,7	138
Friðrik Dór	23-115	Hörður	20-124	99	90	120	103	18,9	11,4	7,2	30,1	2,8	17,9	143
MeC Gauti	23-120	Meistari	22-007	96	106	96	99	18,6	12,3	7,4	30,3	4,0	17,9	143
Jón Reynir	22-001	Hörður	20-124	96	98	100	98	18,6	12,6	8,1	30,2	3,9	18,1	146
Arrgrímur	23-107	Gimsteinn	21-899	100	103	83	95	19,0	12,0	7,2	29,4	3,5	17,5	139
Brúnki	22-009	Móráll	21-140	104	97	80	94	19,4	11,8	7,3	29,2	3,5	17,5	139
Garri	23-104	Gimsteinn	21-899	101	89	82	91	19,1	11,7	7,4	29,0	3,4	17,7	141
PB Tjökkó	23-111	Dróni	22-016	95	85	83	88	18,5	11,1	7,2	29,9	3,8	17,4	141
Arrnar	23-103	Gimsteinn	21-899	116	62	66	81	20,1	10,9	7,6	28,8	3,5	17,6	141
Lalli	23-121	Óskar	21-135	96	58	70	75	18,6	10,2	7,5	30,0	4,4	17,3	140
Meðaltal:								19,0	11,8	7,2	30,1	3,4	17,7	140

Séra Bjössi 23-108 stendur hér langefstur í heildareinkunn. Hann á þann gimbrahóp sem stigast hæst fyrir læri. Gerð sláturlamba er ótrúlega mikið betri en hjá öðrum hrútum í þessari öflugu hjörð. Af 20 sláturlömbum fara sextán í E og hin fjögur í U. Séra Bjössi er sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Fjallið 21-130 kemur næstur í heildareinkunn en hann er kunnugur staðháttum í kringum toppinn því hann stóð efstur haustið 2023. Fjallið er sonur Pútíns 18-138 sem var sonarsonur Ebita 13-921. Valdimar 23-109 sonur Bikars 17-852 frá Ytri-Reykjum skilar hér einum glæsilegasta gimbrahópnum en Valdimar var felldur sl. haust. Enn glæsilegri gimbrahóp á þó Óskar 21-135 en dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva þetta haustið. Sama var upp á teningnum í rannsókninni hér haustið 2023. Óskar er hyrndur sonarsonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Þá kemur Auður 23-112 sonur Fjallsins 21-130. Að baki móður hans í annan lið standa þeir Plútó 14-973 og Molli 13-981. Hann er ekki alveg jafnoki föður síns en prýðilegur lambafaðir eigi að síður. Auður hefur verið felldur. Jesús 23-113 annan son Fjallsins 21-130 má svo sjá þarna aðeins neðar í röðinni og lifir hann enn. Agnarr 23-106 sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi skilar þarna mjög athygliverðum sláturlambahóp hvað flokkun snertir en fallþungi þeirra er 1,3 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Þessi hrútur var hyrndur undan kollóttri á en fórst afvelta sl. sumar. Hann var með arfgerðina R171/H154. Tveir hyrndir synir hans með R171 voru settir á vetur og áhugavert að fylgjast með hverju þeir skila.

Tröllatunga, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dindill	21-331	Dolli	19-864	101	115	103	106	17,3	10,5	6,8	28,8	3,4	17,6	133
Sólmundur	20-322	Svalur	18-204	99	103	115	105	17,2	10,3	6,9	30,0	3,9	17,5	137
Sandur	22-445	Steinn	19-403	104	107	101	104	17,6	10,1	6,6	28,5	3,3	17,3	132
Drumbur	23-408	Dindill	21-331	97	79	122	99	17,0	9,8	7,5	30,5	3,6	17,6	138
Bikar	21-328	Móri	19-888	95	110	92	99	16,9	10,1	6,5	28,7	3,9	17,4	134
Örn	22-444	Fálki	19-080	107	94	95	98	17,8	10,0	7,0	28,8	3,7	17,4	135
Fáni	23-403	Fálki	19-080	95	86	110	97	16,8	9,4	6,7	29,3	3,4	17,4	129
Narfi	23-407	Njáll	21-438	99	110	79	96	17,2	10,3	6,5	27,4	3,4	17,1	140
Krókur	23-406	Kobbi	21-440	102	60	87	83	17,5	8,6	7,3	28,3	4,2	17,6	136
Meðaltal:								17,3	10,0	6,8	28,9	3,6	17,4	135

Hér skarar enginn hrútur verulega framúr en efstur í heildareinkunn er Dindill 21-331 sonur Dolla 19-864 frá Miðdalsgröf en móðurmóðurfaðir er Svimi 14-956 frá Ytri-Skógum. Yfirburði sína sækir Dindill fyrst og fremst í kjötmatshlutann og á hann best gerða sláturlambahópinn. Sonur hans Drumbur 23-408 á hinsvegar þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og kemur jafnframt sterkastur út úr mati á lifandi lömbum. Kjötmatshlutinn tónar hinsvegar ekki á móti þessu mati á gimbrunum. Þessir feðgar eru nú báðir dauðir. Sólmundur 20-322 á næstbesta gimbrahópinn en skarar að öðru leyti ekki mikið framúr. Sólmundur stóð efstur í heildina í afkvæmarannsókn hér haustið 2023 en hefur nú verið felldur.

Miðdalsgröf, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Geisli	23-343	Gullmoli	22-902	106	138	111	118	19,0	13,4	7,9	30,4	3,1	18,0	140
Netti	22-334	Örn	18-124	106	100	128	111	19,1	11,8	7,6	33,0	3,3	17,7	140
Ninni	23-347	Netti	22-334	102	105	110	106	18,9	12,0	7,7	32,3	3,8	17,7	143
Þrymur	23-346	Þóri	20-325	97	83	106	96	18,3	10,7	7,4	31,0	3,2	17,6	141
Nebbi	23-349	Nasi	18-263	95	100	75	90	18,1	11,6	7,6	28,6	3,2	17,4	143
Þokki	23-345	Þóri	20-325	98	58	100	85	18,3	9,9	7,7	31,1	3,5	17,4	140
Prins	23-344	Prúður	22-915	92	93	69	85	17,7	11,3	7,6	28,9	3,8	17,7	140
Meðaltal:								18,6	11,8	7,7	30,7	3,4	17,7	141

Geisli 23-343 undan Gullmola 22-902 frá Þernunesi stendur hér nokkuð afgerandi efstur í heildina. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en þó alveg sérstaklega í gagnvart góðri gerð en meginhluti lambanna undan honum flokkast í E. Móðir Geisla er frá Broddanesi 1. Geisli er arfblendinn fyrir R171. Netti 22-334 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Sonur hans Ninni 23-347 kemur næstur og stendur sig vel þó ekki sé hann jafnoki föður síns. Netti er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum og móðurfaðir Ninna er einnig sonur Fálka 17-821.

Þorpar, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hrókur	23-006	Hrollur*	21-156	105	130	121	119	18,3	11,9	6,2	30,4	3,1	17,7	144
Alvar	23-001	Þóri	20-325	97	102	131	110	17,4	10,4	6,2	30,8	3,4	17,6	143
Eyrir	23-004	Sjóður	22-047	105	109	91	101	18,1	11,5	6,8	28,4	3,3	17,3	143
Meitill	22-046	Fleygur	21-036	98	103	103	101	17,5	10,7	6,4	29,9	3,5	17,4	144
Raftur	23-008	Drumbur	20-026	97	94	103	98	17,4	10,5	6,7	29,7	3,5	17,4	141
Banki	21-034	Ögri	19-025	102	99	87	96	17,8	11,3	7,0	28,9	3,8	17,4	138
Glitnir	23-005	Geisli	21-037	95	88	91	92	17,2	10,6	7,0	29,2	3,7	17,4	148
Góliat*	23-177	Hrollur*	21-156	101	73	67	80	17,8	10,1	7,0	27,9	3,8	17,3	142
Meðaltal:								17,7	10,9	6,7	29,5	3,5	17,5	143

Hrókur 23-006 stendur hér langefstur í heildina. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Gerð sláturlamba undan honum er afgerandi best sem bæði kemur fram í kjötmati og lærastigum. Fallþungi er 0,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Hrókur er aðkeyptur frá Heydalsá 2 en stöðvahrúta er ekki að finna í ætttré hans. Næstur honum stendur Alvar 23-001 en hann sækir yfirburði sýna að mestu í mat á lifandi lömbum og á þann dætrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Alvar er aðkeyptur frá Miðdalsgröf og að baki honum í öðrum ættlið standa stöðvahrútarnir Þristur 18-856 frá Stað í Steingrímsfirði og Krapí 13-940 frá Innri-Múla.

Smáhamar, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Konsert	23-073	Zakki	20-560	91	109	138	113	16,7	10,7	6,2	30,9	2,9	17,9	143
Kvartett	23-067	Safir	21-053	105	111	118	111	18,2	12,3	7,4	30,1	3,4	17,9	144
Sóló	23-070	Merkúrius	22-058	113	96	124	111	19,0	11,4	7,1	30,5	3,2	17,9	139
Hrynur	23-071	Úranus	22-062	110	94	103	102	18,6	11,0	6,8	30,1	3,4	17,5	149
Láki	20-094	Stelkur	19-081	94	103	108	102	17,2	9,8	5,4	29,9	3,2	17,5	145
Grámi	23-065	Grábiti	19-149	94	97	85	92	17,1	10,1	6,1	28,1	2,9	17,2	140
Organisti	23-072	Botni	18-126	95	103	75	91	17,3	10,3	5,9	27,4	3,2	17,4	141
Móri	23-066	Móri	22-205	98	85	48	77	17,4	10,6	7,2	26,0	3,2	17,2	142
Meðaltal:								17,7	10,7	6,5	29,1	3,2	17,5	143

Þrír hrútar standa hér ofar öðrum hrútum og stutt á milli þeirra í heildareinkunn. Konsert 23-073 á hér glæsilegasta gimbrahópin og mælast þær með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er hinsvegar 1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Konsert er hyrndur og aðkeyptur frá Hríshóli í Reykhólasveit sonur Zakka 20-560 sem stóð efstur í afkvæmarannsóknum þar bæði haustin 2022 og 2023. Öflugir stöðvahrútar standa á bakvið hann s.s. Burkni 13-951 frá Mýrum og Dreki 13-953 frá Hriflu. Kvartett 23-067 skilar lang best gerða slátulambahópnum og er fallþungi þeirra 0,5 kg yfir meðaltali. Þetta er jafnframt feitasti hópurinn. Móðurfaðir Kvartetts er Bliki 16-819 frá Árbæ. Loks er það Sóló 23-070 sem á prýðilegan gimbrahóp. Fallþungi sláturlamba er 1,3 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar og gerð þeirra sú næstbesta. Sóló hefur verið felldur en var hér fæddur en komin út af kindum frá Árbæ, Bassastöðum og Melum 1 í bland við heimaféð.

Skálholtsvík, Hrótafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jólnir	23-068	Jaður	20-891	111	101	121	111	17,9	10,5	6,5	31,3	3,2	17,6	136
Jarl	23-067	Kraftur	19-883	102	94	135	110	17,0	9,7	6,1	32,3	3,0	17,6	137
Guffi	19-352	Bergson	14-986	88	115	106	103	15,8	10,6	6,4	30,8	3,6	17,6	132
Júdas	23-070	Baldur	19-886	100	98	108	102	16,8	9,3	5,5	30,4	2,9	17,3	141
Íslandus	22-058	Grettir	20-877	103	104	98	102	17,1	10,2	6,2	30,5	3,3	17,3	131
Jesú	23-073	Grettir	20-877	115	103	87	102	18,3	10,8	6,6	29,3	3,2	17,4	142
Ísar	22-055	Glitnir	19-848	87	100	111	100	15,8	9,9	6,3	30,9	3,7	18,1	133
Jóker	23-074	Ígull	22-063	103	103	91	99	17,1	10,0	6,0	29,8	4,0	17,8	138
Bónði	21-385	Búi	15-822	107	97	84	96	17,3	9,7	6,0	28,6	3,6	17,7	131
Íkon	22-060	Dalur	17-870	102	93	89	95	16,9	9,8	6,3	28,6	2,6	17,3	130
Jaki	23-069	Jaður	20-891	96	86	93	92	16,5	9,5	6,3	29,4	3,1	17,6	132
Fauti	19-025	Glæpon	17-809	95	106	73	91	16,4	10,2	6,3	28,1	3,9	17,7	134
Meðaltal:								16,8	10,0	6,2	30,1	3,3	17,6	134

Jólnir 23-068 sonur Jaðurs 20-891 frá Múlakoti stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann á einn besta gimbrahópinn en skilar síðan sláturlambahóp sem er 1,1 kg þyngri en meðalhópur í rannsókninni. Móðir Jólnis er sonardóttir Prúðs 11-896 frá Ytri-Skógum. Fast á hæla honum kemur Jarl 23-067 undan Krafti 19-883 frá Skarði. Hann sækir alla yfirburði sína í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva í samanburði við hina hópana. Móðir Jarls er sonardóttir Grámans 10-884 frá Bergstöðum á Vatnsnesi.

Kollsá, Hrótafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Barði	22-204	Breddi	19-224	96	126	138	120	17,3	10,0	6,2	31,5	3,6	18,0	128
Gauti	21-245	Gaukur	20-234	102	118	131	117	17,8	10,2	6,6	30,7	3,2	17,9	135
Baugur	23-209	Freri	22-003	98	117	127	114	17,4	10,0	6,3	30,2	3,0	17,9	128
Glópur	22-203	Spói	21-319	95	115	111	107	17,3	10,8	7,3	29,9	3,6	17,9	129
Kóngur	23-211	Svörður	18-854	99	111	109	106	17,6	9,7	6,3	30,0	2,8	17,3	125
Hrókur	23-208	Meistari	22-007	107	114	98	106	18,4	10,3	6,7	30,0	3,7	17,6	127
Gaur	23-217	Gutti	22-207	96	108	111	105	17,3	9,9	6,6	30,8	3,8	17,7	131
Frosti	21-241	Fennir	19-857	96	96	119	104	17,2	9,6	6,7	31,0	3,7	18,0	137
Batman	23-214	Galdur	20-237	108	99	87	98	18,3	10,5	7,6	30,4	4,6	17,7	128
Karri	23-213	Gimsteinn	21-899	103	82	94	93	17,8	9,6	7,3	29,4	3,7	17,6	132
Breddi	19-224	Bralli	17-205	106	86	81	91	18,1	9,5	7,0	29,2	3,9	17,6	135
Stúfur	23-210	Eyvindur	22-473	99	101	71	91	17,6	10,2	7,2	27,3	3,0	17,2	129
Glæðir	22-201	Glæsir	19-887	92	80	97	90	17,0	9,8	7,4	30,1	4,0	17,7	133
Ebbi	19-221	Ebiti	13-971	104	78	77	87	18,0	9,6	7,5	29,3	3,9	17,3	136
Galdur	20-237	Ebbi	19-221	105	77	53	78	18,0	9,8	7,6	27,9	4,0	17,4	137
Meðaltal:								17,6	10,0	7,0	29,8	3,7	17,7	132

Barði 22-204 stendur efstur að þessu sinni en haustið 2023 var hann annar í röðinni í heildareinkunn. Hann á glæsilegan gimbrahóp sem mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Fallþungi sláturlamba liggur aðeins undir meðaltali rannsóknarinnar. Gerð sláturlamba er á meðaltali en þessi lömb eru fitulítill miðað við fallþunga. Að baki Barða í þriðja ættlið standa stöðvahrútarnir Ebiti 13-971, Mollu 13-981 og Roði 10-897. Næstur er Gauti 21-245. Hann á einnig prýðilegan gimbrahóp. Sláturlömbin eru vænni en hjá Barða og gerð og fita að sama skapi aðeins hærrí. Sonur Gauta, Gutti 22-207 stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2023. Gauti er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Þá kemur næstur Baugur 23-209 og skilar hann talsverðum yfirburðum bæð í mati á lifandi lömbum eins og hrútarnir hér á undan. Fallþungi er í tæpu meðallagi, gerð lambanna á meðaltali en fita lítil. Baugur er aðkeyptur frá Heydalsá 1 og standa þeir Fennir 19-857 og

Ebiti 13-971 að baki honum í þriðja ættlið. Glópur 22-203 á þann sláturlambahóp sem nær hæstu mati fyrir gerð. Hann er allur, en var aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi.

Laxárdalur 3, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Samson	22-356	Sammi	16-841	100	117	148	122	17,7	11,2	6,7	32,9	2,7	17,6	135
Álfur	21-387	Heimaklettu	16-826	99	113	121	111	17,7	11,1	6,8	32,3	3,4	17,7	136
Safír	23-380	Gimsteinn	21-899	103	114	111	109	17,9	10,9	6,5	31,2	2,9	17,4	141
Óðinn	22-357	Hamur	19-865	107	122	86	105	18,3	11,1	6,3	29,3	3,3	17,8	131
Rómeó	23-371	Glæsir	19-887	110	116	78	101	18,6	11,0	6,4	29,0	2,8	17,2	137
Kuldi	23-378	Suddi	17-872	87	111	82	93	16,7	9,9	5,8	29,1	2,7	17,3	134
Skjöldur	22-351	Bikar	17-852	99	83	97	93	17,6	9,7	6,4	29,8	2,7	17,6	136
Krummi	23-382	Svartur	17-873	93	79	96	89	17,2	9,8	6,7	30,0	2,8	17,4	137
Demantur	23-372	Gimsteinn	21-899	103	46	65	71	18,0	9,9	7,9	29,4	3,6	17,4	145
Meðaltal:								17,7	10,5	6,6	30,6	3,0	17,5	137

Samson22-356 sonur Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum stendur langefstur í heildareinkunn. Gimbrar undan honum mælast með þykkastan bakvöðva og sláturlömbin undan honum skora hæst fyrir gerð með fallþunga á meðaltali rannsóknarinnar. Móðurfaðir Samsonar er Mjölur 16-828 frá Efri-Fitjum. Næstur kemur Álfur 21-387 undan Heimaklettu 16-826 frá Hriflu. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast vel. Gerð sláturlamba er jafnframt ein sú besta. Að baki móður hans í annan ættlið standa þeir Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum og Olli 06-985 frá Stóra-Fjarðarhorni. Þá kemur Safír 23-380 sem er sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi. Safír skilar hér prýðilegum niðurstöðum og sýnir einhverja yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Vekur ekki síst athygli hvað hann er að skila vel gerðum sláturlömbum. Að baki móður Safírs í annan ættlið standa þeir Baugur 10-889 frá Efstu-Grund og Burkni 13-951 frá Mýrum. Safír er arfblendinn fyrir R171.

Melar 3, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Nelson	22-708	Þormóður	20-168	113	112	129	118	16,7	10,7	6,8	29,5	3,1	17,7	120
Kalli smæl	23-716	Páll	20-324	105	100	114	106	16,0	9,6	6,2	28,0	3,3	17,8	118
Bósi ljósár	22-706	Gustur	19-051	93	98	120	104	15,1	8,8	5,5	27,8	2,9	17,8	129
Hreinn	23-791	Klumpur	22-710	98	105	106	103	15,5	9,1	5,6	27,9	3,1	17,2	131
Árman	23-721	Gimsteinn	21-899	99	99	92	97	15,6	8,8	5,5	27,0	2,8	17,1	121
Hólmsteinn	23-720	Hornsteinn	22-901	93	85	110	96	15,1	8,4	5,7	28,2	2,9	17,1	120
Jóhann	23-722	Gimsteinn	21-899	105	109	70	94	16,0	9,4	5,7	26,3	3,4	17,1	122
Bergsteinn	23-725	Hornsteinn	22-901	93	95	92	93	15,1	8,4	5,3	26,5	2,5	17,0	117
Meðaltal:								15,7	9,2	5,8	27,3	3,0	17,2	122

Nelson 22-708 stendur hér langefstur í heildareinkunn og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Einkum er athyglivert hvað hann skilar mikið betri gerð en aðrir hrútar í þessum samanburði. Nelson er aðkeyptur frá Mýrum 2 og er sonarsonur Ramma 18-834 frá Hesti en á einnig ættir að rekja að Syðri-Urriðaá. Kalli smæl 23-716 er sá hrútur sem kemst næst Nelson. Hann er kollóttur aðkeyptur frá Smáhömrum. Móðurfaðir hans er Bliki 16-819 frá Árbæ en faðir hans Páll 20-324 var frá Miðdalsgröf.

Vestur-Húnavatnssýsla

Hrútatunga, Hrútafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflomb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Korri	23-141	Kobbi	22-131	112	107	108	109	17,2	9,2	5,7	29,5	2,8	17,2	131
Breki	23-132	Baldur	19-886	100	114	110	108	16,4	8,7	5,1	28,9	2,7	17,4	137
Muggur	23-135	Móri	19-888	103	98	113	105	16,7	8,9	5,8	29,6	2,6	17,4	138
Tímon	23-140	Kobbi	22-131	98	120	84	101	16,2	9,1	5,2	28,4	3,0	17,1	136
Purs	23-137	Jötunn	18-863	109	84	98	97	17,1	8,9	6,3	28,8	2,7	17,0	133
Mörður	23-134	Móri	19-888	105	91	90	95	16,8	8,8	6,0	28,4	2,9	17,1	134
	21-134	Rammi	18-834	79	93	100	91	14,9	8,2	5,4	29,3	2,9	17,0	128
							Meðaltal:	16,4	8,8	5,6	29,0	2,8	17,2	133

Hér kemur ekki fram mjög verulegur munur á milli hrúta. Efstur í heildina er Korri 23-141 og sýnir hann yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann á þann slátulambahóp sem nær hæstu gerðarmati. Faðir hans Kobbi 22-131 er aðkeyptur frá Syðri-Urriðaá, dóttursonur Baldurs 19-886 sem þaðan kom í þjónustu stöðvanna. Móðurfaðir Korra kom frá Þóroddsstöðum sonur Kölska 10-920 frá Svínafelli. Á hæla honum í heildareinkunn kemur Breki 23-132 undan Baldri 19-886 frá Syðri-Urriðaá. Móðir Breka er sonardóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum.

Bálkastaðir, Hrútafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflomb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svali	23-076	Valur	21-073	95	140	139	125	17,2	11,4	6,6	32,4	3,4	18,1	138
Drumbur	22-074	Bjálki	20-078	109	112	96	106	18,4	10,3	6,6	29,9	3,6	17,7	140
Litli Skratti	23-073	Skrattakollu	21-075	95	90	98	95	17,3	9,6	6,7	29,6	3,3	17,6	136
Boli	23-075	Drumbur	22-074	96	91	83	90	17,3	9,4	6,5	28,4	3,3	17,6	135
Lukku Láki	23-071	Hornsteinn	22-901	105	79	84	89	18,0	9,8	7,3	29,1	4,0	17,9	140
							Meðaltal:	17,7	10,0	6,8	29,9	3,5	17,8	138

Hér er ekki umfangsmikil afkvæmarannsókn en í þessum samanburði sker Svali 23-076 sig algerlega úr. Mat á bæði lifandi lömbum og sláturlömbum er umtalsvert betra en hjá hinum hrútonum. Hann er undan kaupahrút frá Efri-Fitjum sem var sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum og dóttursonur Gutta 13-984 frá Þóroddsstöðum. Svali var felldur sl. haust en skilur eftir sig dágóðan dætrahóp sem vonandi skilar kostum hans áfram í hjörðin.

Bóroddsstaðir, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	21-057		20-058	108	121	107	112	18,0	11,5	6,2	30,4	3,2	17,9	143
Sesar	23-050		20-052	95	115	122	111	16,6	10,3	5,6	30,8	2,8	17,5	139
Friður	22-054	Fingur	19-054	100	121	101	108	17,1	10,7	5,6	28,5	2,4	17,8	144
	23-058		21-057	100	102	113	105	17,0	10,3	6,0	29,3	2,7	18,2	144
	23-059		21-058	98	95	110	101	16,8	9,6	5,7	31,2	3,7	17,7	136
Hnappur	23-053	Glói	22-052	108	93	85	95	17,9	10,5	6,5	29,0	3,2	17,7	151
Hnoðri	23-052		20-052	102	77	89	89	17,4	9,5	6,7	29,6	3,6	17,7	140
Glói	22-052	Fingur	19-054	91	83	92	89	16,2	9,1	5,7	29,1	3,3	17,7	146
Hnallur	23-051	Hnaus	20-890	103	80	74	86	17,4	9,9	6,7	28,9	3,3	17,1	150
							Meðaltal:	17,0	10,1	5,9	29,7	3,1	17,7	143

Hér stendur efstur í heildina hrútur númer 21-057 sem skilar afgerandi bestri gerð sláturlamba og er 1 kg yfir meðaltali fyrir fallþunga. Hann á ágætan gimbrahóp sem stigast næst best fyrir læri. Þessi hrútur er dóttursonur Gutta 13-984. Faðir og föðurfaðri eru heimahrútar en FFF er Dreki 13-953 frá Hriflu. Næstur kemur veturgamall hrútur, Sesar 23-050 og sýnir hann talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi en dálítið undir meðaltali. Sesar fékk ekki annað tækifæri til að auka kyn sitt en hann var sonarsonur Ramma 18-834 frá Hesti og dóttursonur Salamons 10-906 frá Gröf. Þá kemur Friður 22-054 en hann sækir yfirburði nær eingöngu í kjötmatshlutann, afkvæmi hans eru mjög vel gerð en fitulítill. Friður er sonur Fingurs 19-054 sem hér hefur verið í fremstu röð á síðustu árum. Móðurfaðir Friðar er Sammi 16-841. Fjórði í röðinni er síðan sonur 21-057 og hefur sá númerið 23-058. Þessi hrútur hefur verið felldur en að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Gutti 13-984 og Bósi 08-901 sem héðan komu til stöðvanna á sínum tíma.

Reykir, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þór	23-032		18-331	118	125	112	118	20,6	12,2	6,5	29,8	3,7	17,7	138
Tónsproti	23-035	Tónn	18-855	105	114	122	114	19,5	11,8	6,7	30,8	3,5	17,6	145
	22-030	Svörður	18-854	86	104	95	95	18,0	10,5	6,2	28,5	3,4	17,5	139
Ræsir	23-036	Glæsir	19-887	97	87	84	90	18,9	10,8	6,9	28,8	4,0	17,5	149
Steinn	23-037	Gimsteinn	21-899	92	65	86	81	18,5	9,8	6,9	28,8	3,8	17,3	146
							Meðaltal:	19,1	11,1	6,6	29,3	3,7	17,5	143

Þór 23-032 stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Skilar hann vænum hópi sláturlamba sem flokkast mjög vel. Að baki Þór í þriðja ættlið standa þeir Ebiti 13-971 frá Melum 1 og Brúsi 12-970 frá Kollsá. Næstur honum í heildina er Tónsproti 23-035 sonur Tóns 18-855 frá Melum 1. Hann sýnir einnig yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar og á t.d. þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Móðir Tónsprotta er sonardóttir Ebita 13-971.

Mýrar 2, Hrutafirði

Hrutur	Faðir hrúts	Fallþ.eink	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
23-166 Carlos	22-901 Hornsteinn	97	101	145	115	20	12	7	33	3,0	18,1
23-137 Hruturinn Hrei	19-883 Kraftur	94	114	112	106	20	12	7	32	3,0	17,5
23-225 Barri	19-886 Baldur	109	107	100	105	21	13	8	31	3,0	17,5
23-167 Ljómi	22-223 Sómi	101	109	104	105	20	12	7	31	2,9	17,4
23-131 Geysir	21-898 Strokur	90	102	111	101	19	12	8	31	3,0	17,8
23-138 Þróttur	19-883 Kraftur	103	96	104	101	20	13	8	31	3,0	17,5
23-168 Rjómi	22-223 Sómi	89	116	95	100	19	12	7	30	2,6	17,6
22-223 Sómi	15-867 Lómi	93	108	98	100	20	11	7	31	3,0	17,5
19-164 Viður	17-667 Stofn	95	104	100	100	20	12	7	31	2,8	17,5
23-134 Tommi	20-168 Þormóður	107	96	94	99	21	12	7	31	2,7	17,3
23-169 Sjóður	21-132 Arion	109	94	86	97	21	12	8	30	3,1	17,8
23-165 Cesar	22-901 Hornsteinn	103	76	104	95	20	11	8	31	2,8	17,4
23-135 Hnallur	22-901 Hornsteinn	105	84	94	94	20	12	8	30	2,6	17,4
23-164 Friður	19-164 Viður	103	105	74	94	20	12	7	30	2,8	17,3
23-161 Dugur	19-883 Kraftur	90	106	83	93	19	12	7	29	2,6	17,4
21-223 Torfi	20-890 Hnaus	106	79	85	90	20	12	8	30	2,7	17,4
23-130 Manni	22-901 Hornsteinn	106	68	91	88	21	12	8	31	2,9	17,5
						20	12	8	31	2,9	17,5

Efstur í heildareinkunn stendur Carlos 23-166 sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi. Hann sækir yfirburði sína eingöngu í mat á lifandi lömbum og bera gimbrar undan honum talsvert af öðrum hópum í rannsókninni. Móðir Carlosar er sonardóttir Mjöltnis 16-828 frá Efri-Fitjum. Carlos hefur arfgerðina R171/C151. Næstur í heildareinkunn kemur Hruturinn Hreinn 23-137 sonur Krafts 19-883 frá Skarði. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með næstþykkastan bakvöðva. Gerð sláturlamba er á meðaltali rannsóknarinnar, fallþungi 0,5 kg undir meðaltali og fita í lægri kantinum. Móðurfaðir er Hnaus 20-890 og Hruturinn Hreinn er arfhreinn fyrir H154. Barri 23-225 sonur Baldurs 19-886 frá Syðri-Urriðaá á þann sláturlambahóp sem nær hæstu mati fyrir gerð. Þessi lömb eru 0,7 kg yfir meðalfallþunga rannsóknarinnar og aðeins í feitari kantinum. Að baka móður Barra í öðrum ættlið standa þeir Mávur 15-990 frá Mávahlíð og Burkni 13-951 sem héðan kom til stöðvanna á sínum tíma.

Austur-Húnavatnssýsla

Reykir, Húnavatnshreppi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Austmann	23-665	Austri	20-892	107	115	116	113	16,2	9,4	5,5	30,0	2,5	17,0	141
Hnokki	23-662	Hnaus	20-890	94	113	112	106	14,9	9,0	5,0	29,3	2,7	17,4	140
Klettur	23-668	Hornsteinn	22-901	110	102	94	102	16,5	9,2	5,8	28,5	2,9	17,3	146
Heimur	21-663	Heimaklettu	16-826	90	110	94	98	14,8	8,9	5,1	28,6	3,0	17,3	140
Kristall	23-667	Hornsteinn	22-901	101	89	103	98	15,7	8,8	5,8	29,0	2,9	17,1	137
Alur	23-663	Alli	19-885	94	85	114	97	15,0	8,7	5,9	29,1	2,7	17,5	140
Monsi	23-661	Heimur	21-663	90	91	98	93	14,6	8,1	5,0	28,6	3,0	17,3	133
Demantur	23-666	Gimsteinn	21-899	115	91	72	93	16,8	8,9	5,9	27,1	2,8	17,0	141
Meðaltal:								15,5	8,9	5,5	28,7	2,8	17,2	140

Austmann 23-665 sonur Austra 20-892 frá Stóru-Hámundastöðum stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir allnokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Móðir Austmanns er sonardóttir Svima 14-956 frá Ytri-Skógum. Austmann er arfblandinn fyrir mögulega verndandi arfgerðinni T137.

Hólabær, Langadal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sörulingur	23-600	Gullmoli	22-902	110	119	121	117	17,2	11,2	6,6	30,7	2,7	17,3	124
Hrefnulingur	23-598	Gullmoli	22-356	89	133	120	114	15,6	10,3	5,3	29,7	2,4	17,4	124
Stjánalingur	23-591	Gullmoli	22-902	105	105	113	108	16,9	10,6	6,7	29,8	2,6	17,3	126
Hörpulingur	23-597	Gullmoli	22-902	106	103	111	106	16,9	10,7	6,8	30,0	2,9	17,3	123
Neptúnus	23-587	Austri	20-892	94	93	89	92	15,9	9,6	6,1	28,6	2,6	17,0	129
Heimalingur	23-586	Gimsteinn	21-899	97	83	88	89	16,1	9,5	6,5	27,6	2,5	17,3	125
Dóralingur	23-590	Gimsteinn	21-899	96	78	90	88	16,1	9,9	7,1	28,0	2,6	17,1	125
Bragalingur	23-595	Eðalsteinn	22-424	105	71	62	79	16,9	9,0	6,5	26,8	2,6	16,6	125
Meðaltal:								16,4	10,2	6,4	29,0	2,6	17,2	125

Sörulingur 23-600 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og á einnig þann sláturlambahóp sem flokkast best fyrir gerð. Hann á jafnframt þyngsta sláturlambahópinn 0,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Sörulingur er aðkeyptur frá Fagranesi í sömu sveit. Að baki móður hans standa hyrndu stöðvahrútarnir, Mávur 15-990, Köggull 17-810 og Kölski 10-920. Á hæla honum í heildareinkunn kemur Hrefnulingur 23-598 sem einnig er undan hrút sem heitir Gullmoli en hann er númer 22-356. Hér er fallþungi sláturlamba hinsvegar 0,8 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Gerð nærri meðaltali en lömbin mjög fitulítill. Gimbrahópurinn undan Hrefnuling kemur vel fyrir og stigast t.d. best fyrir læri. Hrefnulingur er frá Hóli í Sæmundarhlíð og er faðir hans sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi en móðir hans dóttir Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Hrefnulingur drapst afvelta sl. sumar. Þá kemur Stjánalingur 23-591 næstur í heildareinkunn og þar á eftir Hörpulingur 23-597. Þessir hrútar eru báðir synir Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Stjánalingur er frá Árgerði í Sæmundarhlíð og er móðir hans dóttir Ebita 13-971 frá Melum 1. Sonur Stjánalings, Gunnsteinn 24-975 var valinn í þjónustu stöðvanna og fékk góða notkun. Hörpulingur er aðkeyptur frá Ytra-Vallholti í Skagafirði. Þessir fjórir „lingar“ eru allir arfblandnir fyrir riðuverjandi geninu ARR. Hinir fjórir hrútar eru í þessari rannsókn eru á allt öðrum stað og standa hinum talvert að baki sem lambafeður.

Skagafjörður

Ríp, Hegranesi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ferskur	22-252	Forsetinn	19-243	110	98	136	115	19,1	10,8	7,8	32,7	3,0	17,9	148
Axel	23-243	Gimsteinn	21-899	95	118	104	105	17,8	11,1	7,4	30,6	3,1	17,8	149
Ari	23-241	Gullmoli	22-902	96	124	85	102	17,9	10,7	6,8	29,4	2,6	17,5	151
Dino	23-255	Valur	21-244	102	96	107	102	18,4	10,4	7,5	30,8	2,8	17,8	150
Abel	23-245	Angi	18-882	97	100	105	101	18,0	10,3	7,2	30,6	2,9	17,8	151
Boði	23-247	Arnar	22-248	94	92	107	98	17,7	10,1	7,4	30,8	2,9	17,8	148
Viljar	23-249	Galdur	22-242	92	87	110	97	17,5	9,7	7,2	31,1	2,8	17,7	151
Haukur	23-254	Valur	21-244	102	96	89	96	18,4	10,2	7,3	30,1	2,8	17,3	151
Valur	21-244	Fálki	17-821	106	93	77	92	18,6	10,1	7,3	29,9	3,1	17,6	151
Meðaltal:								18,3	10,4	7,3	30,6	2,9	17,7	150

Ferskur 22-252 stendur hér langefstur í heildareinkunn en hann er sonur Forsetans 19-243 sem hefur verið hér í fremstu röð í afkvæmarannsóknnum allt frá því haustið 2020. Forsetinn var sonur Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf. Það er þó fyrst og fremst í mati á lifandi lömbum og í fallþunga sláturlamba sem Ferskur skarar verulega fram úr. Hann drapst því miður afvelta sl. haust. Næstur honum í heildareinkunn er Axel 23-243 sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi. Axel á best gerða sláturlambahópin en þau eru 0,5 kg undir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga. Móðir Axels var dóttir Framma 11-250 sem var hyrndur hrútur og mjög öflugur kynbóthrútur. Axel er sjálfur vel gerður gripur og stóð næstefstur lambhrúta í Skagafirði haustið 2023 samkvæmt einstaklingsdómum. Sá þriðji í röðinni er Ari 23-241 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Hann er einnig að skila prýðilegri flokkun sláturlamba. Móðir Ara er dóttir Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Ari hefur verið felldur en þeir Axel og Ari eru báðir arfblendnir fyrir R171.

Brúnastaðir, Fljótum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Prins	23-038	Gullmoli	22-902	106	100	119	109	15,8	9,9	7,1	30,5	2,5	17,7	144
Horni	23-035	Hornsteinn	22-901	105	104	110	106	15,6	8,7	5,7	29,8	2,2	17,2	145
Vonarneisti	23-040	Gullmoli	22-902	98	114	105	105	14,9	8,9	5,5	28,9	2,1	17,5	149
Stebbi	23-029	Gimsteinn	21-899	90	109	116	105	14,2	8,3	5,0	30,0	2,3	17,4	150
Félegur	23-041	Gullmoli	22-902	106	104	104	105	15,7	9,0	6,0	29,5	2,6	17,6	145
Uni	23-033	Hornsteinn	22-901	103	95	106	101	15,4	8,7	6,0	29,6	2,5	17,5	140
Skruggur	23-026	Gimsteinn	21-899	102	99	101	100	15,3	8,9	6,1	29,1	2,4	17,4	142
Borgar	23-034	Hornsteinn	22-901	98	105	91	98	14,9	8,5	5,4	28,5	2,0	16,8	145
Möttull	23-021	Móri	19-888	106	91	88	95	15,7	8,6	6,1	28,5	2,8	17,6	139
Ári	23-023	Austri	20-892	94	98	88	93	14,6	8,7	5,9	28,0	2,3	17,1	142
Jökulskalli	23-030	Jökulhatur	22-022	118	83	78	93	17,3	8,9	6,9	27,0	2,2	17,2	144
Frakki	22-028	Galli	20-875	85	96	86	89	14,0	8,1	5,4	28,1	2,6	17,3	136
Meðaltal:								15,1	8,7	5,8	29,1	2,4	17,4	143

Að þessu sinni skarar enginn hrútur verulega fram úr í heildareinkunn en efstur stendur Prins 23-038 undan Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast hæst fyrir læri. Hann skilar jafnframt bestri gerð sláturlamba og fallþungi þeirra er 0,7 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Hinsvegar eru þessi lömb með langmesta fitu utan á sér sem dregur kjötmatseinkunn niður í þessum samanburði. Horni 23-035 sonur Hornsteins 22-001 frá Þernunesi kemur næstur og sýnir hann einhverja yfirburði í öllum þáttum þessa samanburðar. Horni er hyrndur og móðir hans sonardóttir Kalda 12-950 frá Oddsstöðum. Vonarneisti 23-040 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi skilar hagstæðu kjötmati en fallþunga í tæpu meðallagi. Móðir hans er aðkeypt frá Hrauni og faðir hennar frá Sauðanesi, báðir þessir bæir í sömu sveit. Vonarneisti skilaði sér ekki úr sumarhögum. Stebbi 23-029 sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum en útkoma sláturlambanna mun síðri. Móðir Stebba er sonardóttir Ebita 13-971 frá Melum 1 en Stebbi er nú allur. Vart þarf að taka fram að þessir hrútar eru allir arfblandnir fyrir R171 og Horni og Stebbi eru með H154 þar á móti. Svona má áfram telja en átta af tólf hrútum í þessari rannsókn eru synir Þernuneshrútanna þriggja sem hafa leitt innleiðingu R171 í fjárstofni landsmanna til þessa.

Eyjafjörður

Hríshóll, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þróttur	23-748	Jaður	20-891	106	125	136	122	21,3	12,8	8,1	32,9	3,0	18,3	146
Trölli	23-750	Askur	19-884	103	131	93	109	20,9	12,2	7,6	30,0	2,8	17,5	136
Planki	23-745	Angi	18-882	101	106	104	104	20,6	11,5	8,0	31,2	3,1	17,6	144
Keisari	23-743	Gimsteinn	21-899	103	86	110	100	20,8	10,5	7,7	31,6	2,8	17,4	138
Bátur	23-746	Gullmoli	22-902	91	110	96	99	19,7	11,6	8,0	30,1	2,9	17,5	141
Gissur	23-749	Fróði	18-880	102	73	83	86	20,8	10,2	8,1	30,4	3,4	17,4	142
Baddi	23-742	Hornsteinn	22-901	97	76	85	86	20,3	10,0	7,6	29,1	2,6	17,1	140
							Meðaltal:	20,5	11,1	7,8	30,7	2,9	17,5	141

Þróttur 23-748 sonur Jaðurs 20-891 frá Múlakoti stendur hér langefstur í heildareinkunn. Dætur hans skara langt fram úr öðrum hópum bæði í ómmælingum og dómum. Þessir yfirburðir skína einnig í gegn í kjötmatsuppgjörinu, best gerði lambahópurinn en í feitari kantinum. Fallþungi 0,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Þróttar er undan kaupahrút frá Sandfellshaga 2 en móðir hennar dóttir Mávs 15-990 frá Mávahlíð. Næstur kemur Trölli 23-750 sonur Asks 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri 2 en hann sækir nær alla yfirburði sýna í prýðilegt kjötmat. Trölli ,sem er svartgolsóttur, er aðkeyptur frá Svínafelli 3 í Öræfum. Móðir hans er sonardóttir Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum.

Pingeyjarsýslur

Hrifla, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stóll	23-068	Skápur	20-043	112	115	108	112	18,5	10,9	6,3	33,0	2,9	17,7	149
Myrkvi	23-065	Krókur	19-069	95	97	139	110	17,0	10,1	6,2	34,5	2,6	17,8	136
Klakkur	23-070	Kraftur	19-883	102	105	104	104	17,6	10,3	6,0	31,9	2,2	17,4	149
Frakki	20-045	Grástakur	17-461	97	107	105	103	17,2	10,2	5,8	32,5	2,5	17,5	148
Skápur	20-043	Mjöllnir	16-828	96	123	89	103	17,1	10,8	5,9	32,4	3,0	17,3	143
Sopi	23-066	Spíri	20-040	103	82	101	95	17,7	9,2	5,9	32,0	2,3	17,4	150
Þjónn	23-073	Hornsteinn	22-901	101	91	90	94	17,5	10,2	6,4	31,7	2,5	17,4	146
Jakki	23-071	Galli	20-875	96	88	86	90	17,1	9,7	6,1	31,7	2,6	17,2	145
Drykkur	23-067	Spíri	20-040	98	85	73	85	17,2	9,9	6,4	31,5	3,2	17,4	142
Meðaltal:								17,4	10,2	6,1	32,3	2,6	17,5	145

Stóll 23-068 stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann sækir yfirburðina meira í sláturlambahlutann en fallþunginn er 1,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar, gerð þeirra sú besta en fita lítil miða við hina hópana sem allir eru nokkuð léttari. Gimbrahópurinn er jafnframt glæsilegur. Stóll er sonarsonur Mjöllnis 16-828 frá Efri-Fitjum og móðir hans er sonardóttir Gláms 16-825 frá Svartárkoti. Myrkvi 23-065 kemur næstur en hann sækir sína yfirburði aftur á móti eingöngu í mat á lifandi lömbum. Gimbrar undan honum skara verulega fram úr í þykkt bakvöðvans og stigast jafnframt best fyrir læri. Þessir kostir endurspeglast ekki í sláturlambahópnum þó að þau flokkist vel miða við fallþunga. Faðir hans Krókur 19-069 stóð efstur í afkvæmarannsókninni hér haustið 2023 en að baki honum í öðrum ættlið standa þeir Hroki 15-969 frá Hesti og Drangi 15-989 frá Hriflu. Móðir hans er dóttir Gláms 16-825 frá Svartárkoti.

Ingjaldsstaðir, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hringur	23-167	Kútur	20-188	107	126	112	115	18,6	11,9	7,1	34,9	3,2	18,3	133
Vitur	23-164	Fróði	18-880	91	101	121	105	17,1	10,7	6,9	35,6	3,3	18,1	137
Rjómi	23-162	Strokkur	21-898	99	106	96	100	17,8	11,2	7,2	34,4	3,1	17,8	138
Sjóður	23-165	Putti	21-155	97	103	100	100	17,7	11,3	7,5	35,2	3,5	17,7	135
Brúsi	23-169	Móri	19-888	104	74	65	81	18,2	10,2	7,4	32,4	3,0	17,4	133
Meðaltal:								17,9	11,0	7,2	34,6	3,2	17,9	135

Hringur 23-167 ber af öðrum hrútum í heildareinkunn í þessari rannsókn. Dætur hans stigast best fyrir læri. Gerð sláturlamba undan honum er afgerandi best og fallþungi 0,7 kg yfir meðaltalinu. Faðir hans Kútur 20-188 er aðkeyptur frá Skarðaborg en móðir Hringur er sonardóttir Heimakletts 16-826 frá Hriflu. Vitur 23-164 undan Fróða 18-880 frá Bjargi á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Þeir Muninn 16-840 frá Yzta-Hvammi og Drangi 15-989 frá Hriflu standa að baki móður Viturs í öðrum ættlið.

Litlu-Reykir, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bjartur	19-081	Köngull	18-059	97	109	150	119	16,0	11,1	6,6	34,7	2,8	17,7	153
Staflí	23-025	Bogi	21-909	100	142	107	117	16,2	12,8	6,7	32,0	2,8	17,7	145
Hænir	23-019	Bjartur	19-081	106	109	127	114	17,1	11,6	7,1	33,6	2,8	17,9	138
Strigi	23-024	Lokkur	22-007	97	136	101	111	15,9	11,5	5,8	30,9	2,3	17,5	148
Víti	23-026	Vörður	21-559	104	109	103	105	16,7	11,8	7,3	31,5	2,8	17,9	146
Rokkur	22-009	Amor	17-831	95	98	108	100	15,7	10,1	6,0	32,6	2,9	17,7	150
Trítill	22-004	Völlur	18-835	103	99	89	97	16,5	10,6	6,5	31,1	2,8	17,4	148
Arinn	22-006	Kostur	19-849	98	82	99	93	16,0	10,4	6,9	31,8	2,9	17,6	149
Jafar	23-027	Bjartur	19-081	99	68	103	90	16,1	9,3	6,8	32,9	3,0	17,4	148
Bláfældur	23-020	Blátóppur	22-010	104	80	86	90	16,6	9,9	6,7	30,8	2,5	17,2	148
Árroði	23-018	Hvoli	21-265	102	89	67	86	16,5	10,3	6,7	30,5	2,6	16,8	151
Safír	23-023	Lokkur	22-007	98	79	44	74	16,0	10,6	7,4	29,0	3,5	16,9	150
Meðaltal:								16,2	10,8	6,7	31,9	2,8	17,5	149

Bjartur 19-081 stendur efstur í heildareinkunn en sækir yfirburði sína að langmestu leyti í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast í betra laginu. Bjartur hefur staðið ofarlega í afkvæmarannsóknnum hér allt frá því hann var veturgamall en vermir nú toppinn í fyrsta sinn. Bjartur er heimaræktaður en í þriðja ættlið má sjá stöðvahrútana Grím 14-955 frá Ytri-Skógum og Kölska 10-920 frá Svínafelli 2. Næstur kemur Staflí 23-025 sonur Boga 21-909 frá Skarðaborg, en Bogi var afkvæmaprófaður á Litlu-Reykjum veturin 2022 til 2023. Staflí sýnir alveg framúrskarandi góðar kjötmatsniðurstöður og ber höfuð og herðar yfir aðra hrúta hér í gerð sláturlamba. Næstur kemur Hænir 23-019 sonur Bjarts 19-081 hér að ofan. Líkt og faðir sinn á hann gimbrar sem mælst með mjög þykkum bakvöðva og þær stigast enn betur en dætur Bjarts. Fallþungi sláturlamba undan honum er 0,9 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar, gerðin í betri kantinum en þessi lömb í feitara lagi sem dregur kjötmatsniðurstöður aðeins niður. Eigi að síður mjög athygliverður hrútur. Móðir Hænis er sonardóttir Kornelíusar frá Stóru-Tjörnum. Strigi 23-024 nær hér mjög miklum yfirburðum í kjötmatshlutanum en þar fer saman prýðileg gerð og mjög lítil fita miða við hina hópana. Lokkur 22-007 faðir hans stóð efstur í afkvæmarannsókninni hér haustið 2023.

Sandfellshagi 1, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Örn	20-761	Fálki	17-821	107	148	124	126	17,4	11,4	6,3	30,6	2,3	17,8	144
Olli	23-218	Þokki	17-853	101	114	108	108	17,0	10,2	6,3	29,4	2,1	17,7	143
Valli	23-217	Alli	19-885	95	112	110	106	16,6	10,0	6,1	30,0	2,0	17,6	144
Sopi	23-213	Biti	21-708	97	102	103	101	16,7	10,1	6,6	28,9	2,1	17,7	148
Væni	23-211	Biti	21-708	97	81	102	93	16,6	8,7	5,9	29,3	2,2	17,6	144
Garður	23-220	Dalur	22-252	93	88	86	89	16,3	9,1	6,1	28,5	2,3	17,1	143
Starri	23-219	Hornsteinn	22-901	106	51	75	77	17,4	8,4	6,5	28,5	2,6	17,4	145
Meðaltal:								16,9	9,7	6,2	29,3	2,3	17,5	144

Örn 20-761 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum stendur hér langefstur í heildareinkunn. Hann sýnir gríðarlega mikla yfirburði í kjötmatshlutanum og gerð sláturlamba undan honum meira en heilum hærri en hjá næsta hrút í röðinni. Dæmdar gimbrar er jafnframt glæsilegasti hópurinn hér. Örn er frá Klifshaga 2 og hefur verið afburðahrútur þar líka. Olli 23-218 sonur

Pokka 17-853 frá Lundi á þarna þann sláturlambahóp sem kemst næst afkvæmum Arnar hvað gerðina varðar. Móðir Olla er hyrnd sonardóttir Gutta 13-984 frá Þróddsstöðum. Valli 23-217 sonur Alla 19-885 frá Snartarstöðum á þann gimbrahóp sem kemst næst dætrum Arnar í ómmælingum og stigun. Þeir Olli og Valli hafa báðir verið felldir.

Klifshagi 2, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bjartur	22-762	Falur	21-525	101	116	127	115	16,9	11,4	7,1	32,4	2,5	17,8	140
Sandur	23-768	Biti	21-708	99	111	114	108	16,8	11,2	6,9	31,2	2,4	17,8	140
Vindill	23-051	Kyndill	22-761	104	106	109	106	17,2	10,9	6,8	30,8	2,2	17,6	133
Maron	23-762	Örn	20-761	108	95	110	104	17,6	10,5	6,8	30,9	2,2	17,8	137
Belgur	23-763	Örn	20-761	104	96	100	100	17,2	10,4	6,7	31,0	2,5	17,4	137
Ingi	23-766	Köggull	20-002	101	82	111	98	16,9	10,7	7,4	31,4	2,7	17,8	142
Roði klífsi	23-764	Mánar	22-768	100	97	93	97	16,8	10,7	6,9	30,1	2,6	17,7	137
Hákon	22-766	Börkur	17-842	90	106	93	96	16,1	10,3	6,2	29,9	2,5	17,7	138
Brynjar	23-050	Köggull	20-002	106	89	80	92	17,3	10,7	7,2	30,1	2,8	17,3	136
Skandall	23-761	Örn	20-761	104	89	80	91	17,1	10,3	6,8	29,3	2,7	17,4	142
Magni	23-767	Magnús	20-763	89	94	85	89	15,8	10,4	6,7	29,3	2,4	17,6	136
Meðaltal:								16,8	10,7	6,9	30,6	2,5	17,6	139

Bjartur 22-762 stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt þrýðilega. Gerð sláturlamba hans er jafnframt sú besta. Bjartur er fenginn frá Bjarnastöðum en faðir hans er sonur Alla 19-885 frá Snartarstöðum og móðir hans dóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og er sú ær raunar keypt frá Ærlæk. Sandur 23-768 er að skila mjög vel gerðum lömbum bæði á fæti og í sláturhúsi. Biti 21-708 faðir hans var sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum og reyndist hörkugóður lambafaðir. Móðir Sands er dóttir Ramma 18-834 frá Hesti. Sama má segja um Vindil 23-051 en sá reynir sig nú á Gunnarsstöðum 1. Næstir kom svo þarna tveir synir Arnar 20-761 sem nú gerði garðinn frægan í Sandfellshaga 1.

Sveinungsvík, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fleygur	22-201	Fálki	17-821	116	100	129	115	19,2	11,0	7,8	35,5	2,8	17,8	136
FOX	23-207	Gormur	22-204	108	114	122	115	18,6	11,3	7,6	35,1	2,9	17,8	138
Renningur	22-203	Suddi	17-872	109	106	123	113	18,7	11,4	8,0	36,0	3,2	17,6	146
Glossi	23-202	Galli	20-875	98	110	123	110	17,8	11,3	7,6	35,3	2,8	17,8	142
Gormur	22-204	Glitnir	19-848	102	102	110	105	18,1	10,8	7,5	33,9	2,8	18,0	139
Floti	23-205	Fleygur	22-201	105	109	94	103	18,3	10,9	7,4	33,2	2,7	17,5	145
Flogri	23-204	Fleygur	22-201	95	107	100	100	17,3	10,4	6,7	33,5	2,9	17,8	145
Farmur	22-210	Garðar	21-205	99	110	78	96	17,9	10,9	7,3	32,7	3,1	17,4	139
Jaki	23-201	Alli	19-885	103	89	92	94	18,2	10,5	7,6	33,4	3,0	17,7	137
Draumur	23-208	Dakíri	22-208	90	96	90	92	17,1	9,7	6,6	32,6	2,7	17,7	139
Glaumur	23-203	Galli	20-875	90	79	77	82	17,3	9,9	7,3	32,4	3,2	17,5	138
MurrMurr	23-206	Farmur	22-210	91	97	56	81	17,2	10,3	7,1	30,8	2,9	17,2	138
Meðaltal:								17,9	10,6	7,4	33,8	2,9	17,6	140

Fleygur 22-201 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann skilar glæsilegum gimbrahóp til mats á lifandi lömbum. Fallþungi sláturlamba er 1,2 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar og er þetta þó yngsti lambahópurinn. Fleygur var sá þriðji í röðinni í heildina í afkvæmarannsókn hér haustið 2023. Móðir Fleygs er dóttir Kebabs 19-

209 frá Klifshaga 2 sem var einnig faðir stöðvahrútsins Kurdo 20-878. FOX 23-207 skilar einnig glæsilegum gimbrahóp til mats á lifandi lömbum. Sláturömb undan honum flokkast einnig mjög vel og eru 0,7 kg yfir meðaltalinu í fallþunga. FOX er sonarsonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum. Renningur 22-203 sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg á best gerða sláturlambahópinn og er fallþungi þeirra 0,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Þau eru hinsvegar einnig feitust sem dregur kjötmatseinkunn svolítið niður. Gimbrar undan Renningi mælast með þykkasta bakvöðva allra gimbrahópa í rannsókninni. Að baki móður Rennings í annan lið standa þeir Svimi 14-956 frá Ytri-Skógum og Gaur 09-879 frá Bergsstöðum. Loks má nefna Glossa 23-202 sem er sonur Galla 20-875 frá Hesti. Hann skilar þarna einum besta gimbrahópnum í mati á lifandi lömbum og gerð sláturlamba er með því besta en fallþungi í tæpu meðallagi. Móðir Glossa er dótturdóttir Topps 13-964 frá Kaldbak.

Garður, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hersir	22-255	Hnokki	19-874	95	128	120	115	16,9	10,3	6,6	31,6	2,2	17,9	132
Bokki	22-257	Jonatan	21-253	102	118	111	110	17,4	10,3	6,6	31,3	2,1	17,5	129
Ramses	23-250	Hornsteinn	22-901	96	112	111	106	16,9	9,8	6,5	30,9	2,1	17,6	137
Hemmi	23-255	Hersir	22-255	97	102	99	99	17,0	9,2	6,3	30,1	2,1	17,6	138
Magi	22-159	Snörtur	19-150	98	90	105	98	17,0	9,0	6,6	30,9	2,2	17,6	140
Solon	23-256	Bokki	22-257	104	87	101	97	17,6	9,4	7,0	30,6	2,0	17,4	136
Ongull	23-085	Gimsteinn	21-899	108	79	97	95	17,9	9,3	7,2	30,3	2,1	17,5	134
Kolur	23-253	Kraftur	19-883	103	87	80	90	17,5	8,9	6,5	29,1	2,1	17,2	131
Hrymur	22-250	Kapall	16-869	100	81	75	85	17,2	9,2	7,2	28,4	2,2	17,5	130
							Meðaltal:	17,2	9,5	6,7	30,4	2,1	17,5	135

Líkt og haustið 2023 stendur Hersir 22-255 efstur í heildareinkunn. Hann er sonur Hnokka 19-874 sem héðan var fenginn til stöðvanna. Gimbrar undan Hersi mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Gerð sláturlamba er sú besta ásamt sláturlömb undan Bokka 22-257 sem sagt er frá hér á eftir. Fallþungi er aðeins undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Hersis er dótturdóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Bokki 22-257 kemur næstur og skilar hann nákvæmlega sama mati sláturlamba og Hersir bæði hvað varðar gerð og fitu. Lömbin undan Bokka er hinsvegar nokkuð vænni. Faðir Bokka er sonarsonur Hnokka 19-874 en á baki móður Bokka stendur í öðrum ættlið Prófastur 06-864 frá Dýrastöðum. Ramses 23-250 er sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi. Hann sýnir dágóða útkomu bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Ramses er hryndur og arfblendinn gagnvart R171.

Múlasýslur

Klausturssel, Jökuldal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hnaussonur	23-486	Hnaus	20-890	105	127	125	119	17,6	9,6	6,2	30,1	2,3	17,4	134
Glæpon	20-222	Glæpon	17-809	94	127	116	112	16,7	9,7	6,5	30,1	2,7	17,3	134
Rúbín	23-489	Gimsteinn	21-899	106	85	117	102	17,9	8,6	7,2	30,1	3,1	17,6	136
Ræsi	20-220	Hólkur	15-823	106	106	86	99	17,5	9,1	6,6	27,5	2,2	17,1	133
AHQ/AHQ	22-479	Örvar	21-103	99	94	101	98	17,1	8,8	6,7	29,0	2,7	17,3	135
Safír	23-488	Gimsteinn	21-899	103	84	87	92	17,5	8,3	6,7	27,9	2,7	17,4	130
Dalssonur	22-475	Dalur	17-870	98	84	88	90	16,9	8,8	7,1	28,5	2,9	17,2	123
Hásmoli	23-485	Gullmoli	22-902	92	74	78	82	16,5	8,0	6,5	28,0	2,9	17,1	136
Meðaltal:								17,1	9,0	6,6	28,9	2,7	17,3	133

Hnaussonur 23-486 stendur hér efstur í heildareinkunn. Faðir hans er Hnaus 20-890 frá Mýrum 2. Dætur hans mælast með þykkann bakvöðva en eru fitulitlar. Fallþungi sláturlamba er 0,5 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar og gerðin sú næstbesta. Líkt og í lifandi lömbum er sláturlambahópurinn fitulítill miða við aðra hópa. Móðurfaðir Hnaussonar er Bergur 13-961 frá Bergsstöðum í Miðfirði. Næstur kemur fullorðinn hrútur Glæpon 20-222 sonur Glæpons 17-809 frá Hesti. Hann kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og á best gerða sláturlambahópin. Glæpon er nú fallinn en móðir hans var sonardóttir Kára 10-904 frá Ásgarði. Rúbín 23-489 sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi skilar þarna ágætum gimbrahóp en flokkun sláturlamba veldur nokkrum vonbrigðum miða við gimbrahópinn. Fallþungi er hinsvegar í góðu lagi 0,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Rúbíns er dóttir Kolls 15-983 frá Árbæ og Rúbín er að sjálfsögðu arfblandinn gagnvart R171.

Rauðholt, Hjaltastaðapinghá

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stallur	22-522	Lómur	18-447	98	143	108	116	17,4	10,5	6,2	32,4	2,5	17,6	146
Tindur	22-525	Snöggur	20-487	91	123	132	115	16,9	10,0	5,8	34,3	2,4	17,7	137
Arragon	23-558	Gullmoli	22-902	112	103	123	113	18,7	10,5	7,0	33,3	2,6	17,8	147
Hnjúkur	22-524	Snöggur	20-487	93	122	116	110	17,1	10,0	5,7	32,9	2,4	17,6	134
Dvalinn	23-552	Hnjúkur	22-524	92	129	97	106	17,0	10,2	6,7	31,8	2,8	17,7	134
Hjalli	22-523	Kuti	19-464	107	120	79	102	18,3	10,6	7,0	31,0	2,8	17,4	149
Gandálfur	23-556	Galli	20-875	105	101	97	101	18,0	10,1	5,9	31,3	2,6	17,8	128
Durinn	23-551	Stallur	22-522	103	81	99	94	17,8	9,7	6,6	32,0	2,8	17,7	144
Bilbó	23-553	Fróði	18-880	102	83	77	87	17,8	9,6	6,5	29,9	2,7	17,6	134
Arraporn	23-557	Gimsteinn	21-899	106	44	102	84	18,1	9,1	6,5	32,1	2,4	17,4	143
Án	23-554	Angi	18-882	105	42	101	83	18,0	9,0	5,8	32,0	2,7	17,7	136
Þorinn	23-555	Hnokki	19-874	97	63	65	75	17,3	9,1	6,8	31,1	3,6	17,3	133
Meðaltal:								17,6	9,9	6,3	32,1	2,7	17,6	139

Stallur 22-522 stendur efstur í heildina en hausið 2023 var hann annar í röðinni. Yfirburðina sækir hann fyrst og fremst í kjötmatshlutann, lömbin prýðilega gerð en fitulítill. Stallur er sonarsonur Pipars 13-349 sem lengi var öflugasti kynbótahrútur búsin. Tindur 22-525 kemur næstur en faðir hans Snöggur 20-487 hefur reynst hér mjög vel sem lambafaðir. Tindur á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og fremur lítill fita mælist þar yfir. Þær stigast vel og eru þær hæstar fyrir frambart og með 8,8 að meðaltali fyrir ull. Flokkun sláturlamba er hagstæð miða við fallþunga sem liggur reyndar 0,7 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðurfaðir Tinds er Mávur 15-990 frá Mávahlíð. Næstur kemur Arragon

23-558 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast einna best fyrir læri. Gerð sláturlamba er ein sú besta í þessum samanburði en jafnframt er þessi afkvæmahópur annar af tveim feitustu hópnum sem dregur kjötmatseinkunn svolítið niður. Fallþungi er 1,1 kg yfir meðaltali. Þessi ágæti lambafaðir er fallinn en fjórir synir hans og stór hópur gimbra voru sett á vetur og bera R171 inn í hjörðina. Að baki móður hans í öðrum ættlið stóðu þeir Mávur 15-990 frá Mávahlíð og Salamon 10-906 frá Gröf. Hnjúkur 22-524 sonur Snöggs 20-487 með ágætar niðurstöður bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum.

Víkingsstaðir, Völlum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ralli	23-736	Galli	20-875	101	126	104	111	19,0	11,9	7,3	31,8	3,2	17,9	126
Geisli	23-732	Glæsir	19-887	111	110	105	109	19,9	11,3	7,3	30,9	2,7	18,1	130
Klettur	23-737	Glitnir	19-848	89	116	113	106	17,8	11,0	6,7	31,5	2,3	17,8	128
Vallagaldur	22-720	Strandagal	19-866	105	82	104	97	19,3	9,8	6,9	31,8	2,9	17,8	129
Fálki	23-735	Fróði	18-880	99	95	96	96	18,7	10,4	7,0	31,4	3,2	17,7	130
Hávarður	23-730	Hamur	19-865	96	72	77	82	18,5	10,0	7,4	29,5	3,1	17,8	128
Meðaltal:								18,9	10,7	7,1	31,1	2,9	17,8	128

Ralli 23-736 sonur Galla 20-875 frá Hesti stendur hér efstur í heildina. Hann sækir yfirburði sína að langmestu leyti í kjötmatshlutanum. Sláturlömb undan honum skara talsvert fram úr öðrum hópnum í gerð. Gimbrahópurinn glæsilegur en ekki er mikill munur á flestum gimbrahópnum hér. Móðir Ralla er sonardóttir Gláms 16-825 frá Svartáarkoti. Geisli 23-732 sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík á þann gimbrahóp sem stigast hæst fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar og gerð þeirra sú næstbesta. Móðir Geisla er sonardóttir Lampa 12-980 frá Melum 1. Klettur 23-737 sonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum skilar ágætum lömbum nema fallþungi er 1,1 kg undir meðaltalinu. Móðir Kletts er undan Mínusi 16-827 frá Mýrum 2. Sláturlömb í þessari rannsókn eru fremur ung en hafa greinilega vaxið vel.

Skjöldólfstaðir, Breiðdal

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Liflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skrauti	23-176	Grettir	20-877	96	126	122	115	15,2	8,4	4,4	31,0	2,1	17,2	138
Aðalsteinn	23-170	Gimsteinn	21-899	101	97	120	106	15,8	8,4	5,8	30,6	2,4	17,2	136
Koddi	22-064	Plús	21-784	106	103	113	107	16,1	8,1	5,4	30,3	2,6	17,3	134
Hassi	22-061	Sammi	16-841	102	97	105	101	15,8	8,2	5,5	29,8	2,5	17,1	127
Tralli	23-171	Alli	19-885	98	94	90	94	15,5	8,1	5,6	29,5	2,5	16,8	131
Seðill	23-173	Bleðill	21-783	108	87	79	91	16,3	8,1	5,9	29,3	3,2	17,0	133
Smásteinn	23-172	Gimsteinn	21-899	87	107	75	90	14,5	8,3	5,1	28,1	2,9	17,0	133
Meðaltal:								15,7	8,2	5,5	29,7	2,6	17,1	133

Skrauti 23-176 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum stendur hér langefstur í heildina. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Gerð sláturlamba er í betra lagi í þessum samanburði en ótrúlega lágt gildi á fitu á lömbunum lyftir kjötmatseinkunn upp þó fita sé hér nú orðin minni er æskilegt má telja. Móðurfaðir Skrauta er Lási 13-985 frá Leifstöðum. Koddi 22-064 sýnir heilt yfir ágæta útkomu úr þessum samanburði en hann er sonarsonur Kosta 19-949 frá Ytri-Skógum. Aðalsteinn 23-170 sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi á þarna einn af betri gimbrahópnum en liggur að öðru leyti nærri meðaltali í sínum niðurstöðum. Móðir Aðalsteins er dóttir Krupa 13-940 frá Innri-Múla. Aðalsteinn er eins og vænta mátti arfblendinn fyrir R171 en H154 er þar á móti.

Lindarbrekka, Berufirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óskasteinn	23-118	Óskar	21-135	109	128	135	124	17,9	10,3	6,0	31,6	1,9	17,6	142
Uggur	23-115	Óttar	21-350	96	149	119	121	16,8	10,7	5,6	31,2	2,3	17,6	137
Grettir	22-001	Grettir	20-877	92	114	125	110	16,5	9,8	6,1	33,0	2,7	17,5	138
Ótti	23-116	Óttar	21-350	112	100	115	109	18,2	9,9	6,7	31,8	2,6	17,5	141
Masilik	22-006	Dolli	19-864	107	111	93	104	17,7	11,0	7,3	30,0	2,6	17,4	140
Öldungur	21-120	Kostur	19-849	97	98	98	98	16,9	9,5	6,3	31,3	3,0	17,3	138
Dorri	23-114	Galli	22-005	99	91	97	96	17,1	9,2	6,3	31,2	2,8	17,3	137
Óskar	23-117	Óskar	21-135	105	80	95	93	17,5	8,5	5,9	30,5	2,4	17,2	138
Gripaldi	23-113	Séra Alfreð	22-007	98	70	95	88	17,0	8,7	6,5	30,6	2,5	17,2	140
Ýmir	23-111	Rómúlus	20-688	90	98	75	88	16,3	8,7	5,6	29,1	2,5	17,2	141
Klettur	21-118	Hagaljóni	19-684	97	79	53	76	16,9	8,6	6,1	28,1	3,1	16,9	137
Meðaltal:								17,1	9,4	6,2	30,8	2,6	17,3	139

Óskasteinn 23-118 stendur efstur í heildareinkunn og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann er kaupahrútur frá Heydalsá 1 og út frá ætterni mætti ætla að hann sé hyrndur. Að baki honum í þriðja ættlið standa þeir Amor 17-831 frá Snartarstöðum, Garri 11-908 frá Stóra-Vatnshorni og Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum. Uggur 23-115 kemur næstur og á þarna sláturlömb sem skila næstbestu gerðinni en jafnframt fitulítill. Fallþungi þeirra er rétt undir meðallagi. Uggur er einnig kaupahrútur frá Heydalsá 1 og út frá ætterni líklega hyrndur. Grettir 22-001 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan baköðva. Masilik 22-006 sonur Dolla 19-864 frá Miðdalsgröf á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður en þessi lömb eru jafnframt afgerandi feitari en aðrir hópar. Masilik er aðkeyptur frá Eiríksstöðum en Dúlli 17-813 frá Miðdalsgröf er bæði föðurfaðir og móðurföðurfaðir hans.

Skaftafellssýslur

Hvammur, Lóni

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Glaður	23-490	Galli	20-875	99	130	161	130	16,0	10,0	5,5	31,3	2,7	17,7	163
Skolli	21-482	Rammi	18-834	106	111	138	118	16,5	10,3	6,8	31,4	2,9	17,6	156
Fífíll	23-494	Fróði	18-880	95	114	106	105	15,6	9,9	6,2	28,7	2,8	17,3	161
Freyr	23-495	Austri	20-892	110	84	81	92	17,1	9,4	6,8	28,2	3,1	17,0	157
Tvistur	23-496	Þristur	22-484	89	82	67	80	15,1	8,6	6,3	26,0	3,0	16,9	160
Steinn	23-492	Hornsteinn	22-901	99	74	48	74	16,0	8,7	6,6	25,8	3,1	17,1	157
Meðaltal:								16,1	9,6	6,5	28,5	2,9	17,3	158

Glaður 23-490 sonur Galla 20-875 frá Hesti stendur efstur með mjög háa heildareinkunn. Hjá honum og næsta hrút á eftir liggja flestar tölur talsvert hærra en hjá öðrum hrútum í þessari rannsókn sem setur þá á svona miklu hærra stall. Lömbin undan Glað eru prýðilega gerð en fituminni en aðrir lambahópar. Móðir Glaðs er dóttir Kögguls 17-810 frá Hesti svo Hestblóðið er nokkuð ríkjandi í æðum Glaðs. Næstur er Skolli 21-482 sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og jafnframt best gerða sláturlambahópin.

Nýpugarðar, Hornafirði

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lækur	18-581		15-754	104	111	147	121	15,8	9,9	6,1	31,8	2,8	17,9	163
Nonni litli	19-588	Mói	17-001	100	103	120	108	15,6	9,4	5,9	29,9	3,0	17,5	169
Kani	22-521	Svarti Pétur	20-593	94	101	128	108	15,0	9,3	6,0	29,8	2,6	17,6	156
	23-527	Börkur	17-842	102	117	102	107	15,8	9,7	5,5	28,2	2,2	16,7	153
Marias	22-514	Svarti Pétur	20-593	112	114	95	107	16,3	10,3	6,4	29,4	3,7	17,3	167
	23-530	Askur	19-884	96	108	116	107	15,1	9,3	5,7	28,9	2,4	17,1	155
Hreðjar	21-504	Amor	17-831	109	90	116	105	16,2	9,3	6,1	30,4	3,1	17,3	164
Fjandi	16-558	Skratti	12-913	101	87	126	105	15,6	8,9	5,9	29,9	2,8	17,4	167
	23-523	Askur	19-884	93	121	93	102	14,7	9,8	5,5	27,4	2,4	17,0	148
	21-501	Fjandi	16-558	92	106	109	102	14,8	9,1	5,6	29,3	3,3	17,5	150
Hnakk	19-582		18-577	107	91	87	95	16,0	9,0	5,9	28,9	3,2	17,0	168
	23-526	Angi	18-882	94	99	78	90	15,0	9,0	5,8	26,4	2,4	17,0	153
Ægir	23-535	Gjafar	22-017	97	82	90	90	15,2	8,6	6,1	27,9	3,0	17,1	151
	23-522	Lækur	18-581	94	92	78	88	15,0	8,8	5,8	27,2	2,8	16,8	144
	23-525	Fróði	18-880	100	91	62	84	15,5	9,0	6,0	26,7	2,7	16,5	151
	23-528	Fróði	18-880	88	89	69	82	14,4	8,2	5,4	25,9	2,4	16,7	150
Meðaltal:								15,5	9,3	5,9	28,6	2,8	17,1	160

Lækur 18-581 stendur nú efstur í heildina. Hann stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2020 og síðan verið meðal fremstu hrúta á hverju hausti þar til nú að hann nær toppnum loks aftur. Yfirburði sína sækir hann að stórum hluta í mat á lifandi lömbum enda bera dætur hans af bæði í bakvöðvabykkt og lærastigum. Gerð sláturlamba undan honum er sú næstbesta þetta haustið. Lækur er sonarsonur Læks 13-928 frá Ytri-Skógum. Nonni litli 19-588 kemur næstur og hefur hann áður komið við sögu í umfjöllunum um afkvæmarannsóknir hér á bæ. Yfirburði sína sækir hann að mestu í mat á lifandi lömbum. Nonni litli er frá Smyrlabjörgum undan kaupahrút frá Ólafsvík. Kani 22-521 undan Svarta-Péttri 20-593 skilar ágætum gimbrahóp til dóms en síðri niðurstöðum úr sláturhúsinu. Svarti-Pétur var sonur Glæpons 17-809 frá Hesti og stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2022. Móðurfaðir Kana er Völlur 18-835 frá Snartarstöðum. 23-527 sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum skilar hinsvegar einum af betri kjötmatsniðurstöðunum. Hann fórst af slysförum en

móðurfaðir hans er Heimaklettur 16-826 frá Hriflu. Loks má nefna Marias 22-514 sem einnig er sonur Svarta-Péturs 20-593 en hann á best gerða sláturlambahópinn og fallþungi þeirra 0,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Mariasar er sonardóttir Skratta 12-913 frá Hesti.

Kirkjubæjarklaustur 2, Síðu

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Borgar	23-509	Angi	18-882	104	113	115	111	18,5	10,4	6,2	33,5	3,2	18,4	132
Vestri	22-504	Gimli	20-876	105	116	99	107	18,6	9,8	5,6	32,3	2,7	17,9	136
Garpur	21-547	Askur	19-884	95	110	109	105	17,9	10,3	6,4	32,6	3,2	18,5	138
Skógur	22-505	Grettir	20-877	99	117	96	104	18,1	10,5	6,3	32,1	3,1	18,3	131
Gjafar	20-536	Glæpon	17-809	94	79	120	98	17,7	9,5	6,6	33,3	3,0	18,3	134
Snjall	23-512	Sævar	21-897	106	86	96	96	18,6	10,1	7,0	32,2	3,2	18,3	141
Baukur	23-507	Breki	16-824	104	94	74	91	18,5	10,0	6,6	31,8	3,6	17,8	133
Ari	23-508	Fróði	18-880	101	79	67	82	18,3	9,4	6,5	31,0	3,2	17,4	134
Meðaltal:								18,2	10,0	6,4	32,5	3,1	18,2	135

Borgar 23-509 sonur Anga 18-882 frá Borgarfelli stendur hér efstur í heildareinkunn. Gimbrar undan honum mælast með þykkastan bakvöðva og stigast mjög vel. Fallþungi sláturlamba er vel yfir meðaltali og gerð þeirra sú næstbesta. Vestri 22-504 sonur Gimla 20-876 frá Hesti kemur næstur í heildareinkunn. Afkvæmi hans eru talsvert fituminni en annara hrúta og á það sinn þátt í því hve hátt hann raðast í þessum samanburði. Vestri er fallinn en móðurfaðir hans er Dreki 13-953 frá Hriflu. Garpur 21-547 sonur Asks 19-884 sem héðan var fenginn til stöðvanna, á stóran hóp af prýðilegum lömbum í þessum samanburði. Að baki móður Garps í annan lið standa þeir Kölski 10-920 frá Svínafelli 2 og Hergill 08-870 frá Laxárdal. Garpur er fallinn. Loks má nefna Skóg 22-505 undan Gretti 20-877 frá Ytri-Skógum sem skorar hæst í gerð sláturlamba.

Rangárvallasýsla

Teigur 1, Fljótshlíð

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ári	21-390	Draugur	18-390	105	139	114	119	20,5	12,7	7,0	33,4	2,4	18,5	152
Hrekkur	23-311	Grikkur	20-300	99	100	126	108	20,2	11,9	7,3	34,5	2,6	18,3	152
Steinbiti	23-302	Gullmoli	22-902	107	104	105	106	20,7	11,8	7,1	33,4	2,4	18,0	152
Sófi	23-310	Bekkur	22-301	103	102	110	105	20,4	11,9	7,3	33,5	2,6	18,4	148
Smekkur	23-312	Galli	20-875	101	95	99	99	20,3	11,9	7,5	33,0	2,6	18,1	151
Beddi	23-304	Bekkur	22-301	95	91	105	97	19,9	11,5	7,2	33,4	2,9	18,5	147
Dengsi	23-303	Dolli	19-864	106	92	89	96	20,6	11,7	7,4	32,9	3,0	18,2	151
Bingó	23-301	Bíkar	17-852	99	99	85	94	20,2	12,0	7,5	32,9	3,3	18,1	151
Bás	20-435	Blossi	16-837	99	77	95	91	20,1	11,2	7,6	33,6	3,2	18,3	152
Hver	23-308	Strokkur	21-898	88	92	89	90	19,3	10,9	6,6	32,1	2,6	18,2	142
Galdur	23-307	Ári	21-390	94	74	92	87	19,8	10,9	7,3	32,7	2,6	18,0	150
Geisli	23-306	Ári	21-390	94	81	73	83	19,8	11,0	7,1	32,2	2,9	17,8	146
Meðaltal:								20,2	11,8	7,2	33,3	2,7	18,2	150

Ári 21-390 stendur langefstur í heildareinkunn en hann stóð einnig efstur hér í afkvæmarannsókn haustið 2023 og annar í röðinni haustið þar á undan. Nú skilar hann gríðarlega vel gerðum sláturlömbum. Niðurstöður úr ómmælingum og stigun á gimbrum eru sömuleiðis glæsilegar. Ári er sonarsonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Næstur kemur Hrekkur 23-311 en hann sækir alla yfirburði sína í mat á lifandi lömbum en dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva í þessum samanburði. Hrekkur er fallinn en var sonarsonur Glæpons 17-809 frá Hesti. Sá þriðji í röðinni er Steinbiti 23-302 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Þessi hrútur skilar ljómandi góðum niðurstöðum að öllu leyti þó hann skari hvergi verulega fram úr öðrum hrútum en jafnstærkur í öllu þáttum. Móðir hans er dóttir Ebíta 13-971 frá Melum 1. Steinbiti er arfblendinn fyrir R171. Loks má nefna Sófa 23-310 undan Bekk 22-301 sem einnig er jafnstærkur í öllum þáttum rannsóknarinnar. Móðir hans er dóttir Glæpons 17-809 frá Hesti en faðir hans sonarsonur Blossa 16-837 sem héðan var fenginn á stöð á sínum tíma.

Raftholt og Hreiður, Holtum

Hrútur	Faðir hrúts	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
22-113 Djúpur	20-331 Fótur	105	105	119	109	22	12	8	35	3,3	18,3	
23-119 Grandi	18-149 Bani	104	99	121	108	21	12	8	35	3,2	18,1	
23-118 Sjóður	21-112 Millti	105	110	109	108	22	12	8	35	3,5	17,9	
23-120 Dropi	22-115 Draupnir	87	103	110	100	20	11	8	35	3,8	18,2	
23-116 Arri	22-901 Hornsteinn	113	107	73	98	22	13	8	33	3,6	17,9	
22-114 Dimmir	17-873 Svartur	91	97	93	93	20	12	9	33	3,6	18,1	
23-117 Stallur	20-107 Bratti	99	84	80	88	21	11	8	34	4,2	17,9	
							21	12	8	34	3,6	18,0

Hér var gerð upp ein afkvæmarannsókn fyrir tvö bú þar sem sömu hrútar voru notaðir á báðum búum. Efstur í heildareinkunn stendur Djúpur 22-113 en hann sækir yfirburði sína einkum í mat á lifandi lömbum enda stigast gimbrar undan honum hæst fyrir læri í þessum samanburði. Djúpur er aðkeyptur frá Djúpadal en móðir hans var dóttir Tjalds 11-922 frá Sandfellshaga 2. Fótur 20-331 faðir hans hefur reynst mjög athyglisverður lambafaðir. Næstur í heildina er Grandi 23-119 undan Bana 18-149 (sem er móðurfaðir Karra 24-953)

sem var sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2. Hann sækir yfirburði sýna nær eingöngu í mat á lifandi lömbum enda gimbrahópurinn glæsilegur. Sjóður 23-118 á þann gimbrahóp sem hefur vinninginn í þykkt bakvöðvans. Arri 23-116 undan Hornsteini 22-901 frá Þernunesi á þyngsta og best gerða slátulambahópinn. Móðurfaðir hans er Amor 17-831 frá Snartarstöðum. Þessi hrútur er arfblendinn fyrir R171 og undan honum voru fengnir tveir lambahrútar héðan á stöðvarnar þeir Karri 24-953 og Arfur 24-954

Árnessýsla

Hrepphólar, Hrunamannahrepp

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Snúður	23-192	Trúður	22-014	109	103	111	108	22,3	11,6	7,7	33,3	2,9	18,3	154
	23-199	Súne	21-197	90	107	117	105	20,6	11,7	7,6	33,2	2,6	18,1	155
	23-198	Dalur	20-191	103	105	103	104	21,7	11,6	7,6	33,0	3,3	18,5	154
	23-193	Stakkur	22-329	100	108	94	101	21,5	12,3	8,1	32,6	3,3	18,3	156
Húni	23-196	Hvati	22-198	92	92	115	100	20,7	11,0	7,5	33,4	2,7	18,3	152
Mangi	23-191	Trúður	22-014	105	85	64	84	21,9	11,1	7,8	31,4	3,6	18,0	153
Meðaltal:								21,5	11,6	7,7	32,8	3,1	18,3	154

Hér eru til samanburðar afkvæmi sex hrúta sem eru gríðarlega væn og ekki mikill munur á milli hópanna svona heilt yfir. Efstur í heildareinkunn er Snúður 23-192 sem er aðkeyptur frá Kópsvatni. Bera sláturlömb undan honum nokkuð af hvað fallþunga snertir. Þessi hrútur er fallinn en var sonarsonur Austra 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum og arfblandinn fyrir T137. Hrútur númer 23-193 á best gerða sláturlambahópin og skarar þar dálítið fram úr hinum en þetta eru jafnframt feitustu lömbin. Hann er aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi.

Kópsvatn, Hrunamannahrepp

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Broddi	21-012	Hnikill	18-053	103	130	122	118	21,3	12,1	8,0	32,4	3,5	18,3	130
Harri	23-014	Hornsteinn	22-901	101	130	114	115	21,1	12,2	8,0	32,3	3,7	17,9	128
Garri	23-015	Gullmoli	22-902	97	90	101	96	20,7	10,7	8,2	30,9	3,3	17,7	131
Tittur	23-013	Trúður	22-014	98	66	101	88	20,8	9,7	8,3	31,4	3,5	17,7	137
Tossi	23-012	Vivaldi	22-717	102	78	72	84	21,2	10,8	9,1	29,8	3,8	17,7	154
Meðaltal:								21,0	11,1	8,2	31,1	3,6	17,8	134

Broddi 21-012 stendur hér efstur í heildareinkunn. Dætur hans stigast afgerandi best fyrir læri og mælast með þykkastan bakvöðva. Gerð sláturlamba og þroski miða við aldur er frábær. Broddi er nú fallinn en hann var kaupahrútur frá Broddanesi 1. Harri 23-014 er sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi. Hann fylgir fast á hæla Brodda að öllu leyti nema gerð sláturlamba er örlítið hærri hjá Harra. Harri er hyrndur og arfblandinn fyrir R171. Móðurfaðir hans er Stapi 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri. Nafn Harra hefur þegar verið skráð á spjöld sögunar, því hann átti tvo syni fengnir voru á sæðinastöðvarnar sl. haust, þá Sel 24-958 og Brimil 24-950. Hinir þrjú hrútarnir í þessum samanburði standa þeim Brodda og Harra langt að baki þó að þetta séu greinilega frambærilegir hrútar.

Gýgjarhólskot, Biskupstungum

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþungi einkunn	Kjötmat einkunn	Líflömb einkunn	Afkr. heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tralli	23-225	Austri	20-892	106	126	108	113	24,8	11,6	7,9	31,9	3,6	18,2	167
Rafael	23-223	Hornsteinn	22-901	108	103	114	108	25,0	11,0	8,1	32,2	3,3	18,0	166
Trítill	23-224	Austri	20-892	98	110	101	103	24,0	11,0	7,9	32,4	4,3	18,3	167
Trölfi	23-226	Austri	20-892	104	89	109	100	24,6	10,4	8,1	32,9	4,0	18,1	164
Rambó	23-222	Hornsteinn	22-901	105	94	98	99	24,6	10,3	7,8	31,7	3,5	17,8	167
Rocky	23-221	Gullmoli	22-902	84	86	71	81	23,0	9,7	7,6	29,6	3,3	17,5	167
							Meðaltal:	24,2	10,5	7,9	31,7	3,6	17,9	166

Tralli 23-225 sonur Austri 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum stendur hér efstur í heildina. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en mesta þó í kjötmatshlutanum. Tralli er fallinn en hann var arfblendinn fyrir T137. Móðir hans er dóttir Blossa 16-837 frá Teigi. Sláturlömbin undan honum skara talsvert fram úr í gerðinni. Rafael 23-223 sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi kemur næstur í heildareinkunn og sýnir nokkra yfirburði í öllum þáttum en mest þó í mati á lifandi lömbum. Hann á þyngsta sláturlambahópinn. Rafael er fallinn en hann var arfblendinn R171 með H154 á móti.